

Árs skýrsla 2010



Stiqamót

Forsíðumyndin er af ríkisstjórn Íslands með kynjagleraugu. Skotturnar seldu kynjagleraugin í október m.a. til þess að auka og bæta þjónustu Stígamóta. Forsætisráðherra keypti sett af gleraugum fyrir alla ríkisstjórnina á eina milljón króna og skoraði á ráðherra að nota gleraugin daglega í vinnunni.

Ritstjórn:

Tölfæðiúrvinnsla og texti í tölfraeðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur

Textahluti:

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 21. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit	bls.
Stofnun og hugmyndafræði	5
Innra starfið	5
Sjálfhjálparstarfið	9
Pólítískt samfélagsstarf	11
Stórviðburðir innan kvennahreyfingarinnar	20
Alþjóðastarf	28
Tölulegar upplýsingar	32
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	38
Um ofbeldisverkin	42
Kærð mál	52
Fordómar og staðalímyndir	53
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	55
Aðstandendur	56

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



dr. Guðrún Jónsdóttir eldri, stofnandi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvænnaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvænnafræðingafélagið og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi. Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Innra starfið

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi

eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu óeðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leitar séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því hefur verið beittur. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspeglar þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag og starfshópur

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur á árinu voru Björg G. Gísladóttir, Guðrún Jónsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Karen Linda Eiríksdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Karen fór í barneignafri í lok maí og til starfa tók Anna Þóra Kristinsdóttir.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. En fleiri komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópana og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir.



Þórunn, Guðrún, Karen Linda, Dóra og Björg, Önnu Þóru vantar

Til þess að efla starfsandann var haldin vorhátíð leiðbeinenda, framkvæmdahóps og starfshóps í Gunnarshúsi. Starfshópurinn leigði bíl og keyrði á Akureyri á ráðstefnuna Þögnul þjáning og átti þar góðar stundir. Annars var árið svo annasamt að minna varð um samveru utan vinnutíma en oft áður.

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Björg Guðrún Gísladóttir, Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Oddný Lára Eiríksdóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Í september lét Oddný af störfum og í stað hennar kom Steingerður Kristjánsdóttir sem á árum áður var bæði starfskona og leiðbeinandi á Stígamótum.

Fjárhagslegur grundvöllur

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Eftir bankahrun hafði stöðugildum verið fækkað um tvö og þjónusta við landsbyggðina var aflögð. Ákveðinn var 6 milljóna kr. niðurskurður frá Ríkinu fyrir árið 2011. En einhvern veginn leggst Stígamótum alltaf eitthvað til og þannig var það í ár líka. Stjórnvöld sýndu skilning í verki þegar

samþykkt var að veita Stígamótum tíu milljóna króna aukafjárveitingu til þess að koma á laggirnar athvarfi fyrir konur á leið úr vændi.

Ymiskonar stuðningur við Stígamót



Verðandi félagsráðgjafar komu færandi hendi

Mentor og Ólafía, nemendafélög BA og MA nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, í samstarfi við Myndform, Græna ljósið og Háskólabíó sýndu myndina Precious til stuðnings Stígamótum og ágóðinn varð kr. 175.000.

Einn bekkur úr Kvennaskólanum átti að verja einum degi til stuðnings fyrir þarft málefni. Krakkarnir komu á Stígamót og fengu fræðslu um starfsemina. Þau tóku að sér að selja varning fyrir Stígamót á Nauðgunarráðstefnunni okkar og jafnframt héldu þau basar til styrktar Stígamótum.

Þess ber að geta að um tíu einstaklingar styrkja Stígamót í hverjum mánuði án þess að nafna þeirra sé nokkurs staðar getið. Um misháar fjárhæðir er að ræða, en safnast þegar saman kemur. Það er aðdáunarvert hvað fólk gefur af miklum rausnarskap – bara til þess að leggja lið.

Stuðningur fólks við Stígamót var látinn í té á margvíslegan hátt. Anna Sigríður Helgadóttir tróð upp á afmæli Stígamóta og við verðlaunaafhendinguna okkar. Hún skapaði hátíðlega stemningu með mikilli útgeislun og dásamlegum söng. Stundum spilaði Aðalheiður Þorsteinsdóttir undir hjá henni, stundum söng hún án undirleiks

Elísabet Ronaldsdóttir klippti saman myndbandsbúta til þess að sýna á sögusýningu Stígamóta á 20 ára afmælinu, ekki í fyrsta skipti sem Beta leggur Stígamótum lið sem kvikmyndagerðarkona.

Alþjóðasamtökin Equality Now! sendu í þriðja sinn 10.000 dollara sem viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Reykjavíkurborg færði Stígamótum óvæntar tvær milljónir í afmælisgjöf á 20 ára afmælinu þann 8. mars.

Kvenfjelag Kaffibarsins setti upp markað á Menningarnótt. Seldar voru kökur, nærbuxur, veski og fleira. Ágóðinn sem var 70.000 kr. rann til Stígamóta.

Starfsfólk Byrs hf. safnaði 100.000 kr. sem þau gáfu til Stígamóta. Katrín Oddsdóttir lögfræðingur ásamt vinkonu sinni sem líka er lögfræðingur bauð fram aðstoð sína við konur í lagalegum vanda. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og hefur þegar nýst okkar konum. Að lokum skal þess getið að Sorpa veitti Stígamótum 1.3 milljóna króna styrk til starfseminnar.



Staðarsöngkona Stígamóta Anna Sigríður Helgadóttir

Guðbjörg heitin Sigurðardóttir arfleiddi Stígamót að fimm milljónum króna



Guðbjörg Sigurðardóttir

Stígamót hafa í gegnum tíðina alltaf fundið velvilja og stuðning frá stórum hópi fólks. Það er ómetanlegt og hvetjandi. En stígamótakonur setti hljóðan þegar tilkynningin barst um að Guðbjörg Sigurðardóttir hefði arfleitt Stígamót að um 5 milljónum króna. Þetta var sama dag og við fréttum að fjárframlög höfðu verið skorin niður um 6 milljónir á fjárlögum.

Rausnarlegasta gjöf frá einstaklingi sem þekktist á Stígamótum og í fyrsta sinn sem arfur berst. Þetta gerðist á þeim tímamótum sem ákveðið hefur verið að bæta og auka þjónustuna. Fjármunirnir munu því koma í góðar þarfir og okkur mun verða hugsað til Guðbjargar þegar við endurvekjum starfið úti á landi, opnum vændisathvarf og aukum fjölbreytni í sjálfshjálparstarfi.

Guðbjörg Sigurðardóttir, Njálsgötu 4.a., var fædd 05.08.1932 og lést 14.09.2010.

Hún ólst upp á Baldursgötunni og gekk í Austurbæjarskólann og var alla tíð mikil miðbæjarmanneskja.

Hún útskrifaðist úr Kvinnaskólanum 1950 og vann lengst af við verslunarstörf og rak meðal annars sinn eigin söluturn að Njálsgötu 23, frá 1977-1980. Guðbjörg átti 2 dætur þær Elísabetu og Margréti Sigurðardætur, 5 barnabörn og 3 barnabarnabörn.

Viðurkenningar

Stígamótum voru í haust veitt sérstök minningarverðlaun um Emmu Humphreys fyrir „framúrskarandi starf við að binda endi á klámiðnaðinn.“ Síðan segir: “Stígamót, an organisation based in Reykjavik, Iceland that campaigns against sexual violence has been awarded this year's special prize for innovative feminist campaigning. Last year it successfully campaigned to criminalise the purchasing of women in prostitution, and this year it brought about a ban on strip clubs. The ban on commercial sexual activity is not only supported by feminists but also much of the population.” Þess skal getið að Emma Humphrey var kona sem beitt var grófu ofbeldi, hún hafnaði í vændi og var beitt miklu harðræði af pimpinum sem gerði hana út. Það endaði með því að hún myrti hann og var sett í fangelsi fyrir það. Kvinnahreyfingin vann að því að fá hana lausa og það tókst en hún lést skömmu síðar.

Talskonu Stígamóta var veitt viðurkenning Jafnréttisráðs fyrir árið 2010. Hún tók auðmjúk á móti henni fyrir hönd alls Stígamótafólks, fyrir hönd Skottanna samstarfsvettvangs kvinnahreyfingarinnar og fyrir hönd þeirra 50.000 kvenna sem söfnuðust saman þann 25. október til þess að sýna hug sinn til kynferðisofbeldis og launamunar kynjanna.

Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonur. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Hægt hefur verið að styrkja og styðja sérstaklega konur í vændi jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar. Það hefur marg oft sýnt sig að sjóðurinn hefur virkilega komið að gagni fyrir okkar konur á ögurstundum en frá því verður ekki greint nánar. Kristínarsjóður gerði kleift að senda þrjár Stígamótakonur í vikunámsferð til Kaupmannahafnar til þess að kynna sér þjónustu við konur í vændi. Ferðin var hluti af undirbúningi fyrir stofnun athvarfs fyrir konur á leið úr vændi. Sérstaklega kynntu konurnar sér sjálfshjálparhópna sem reknir eru fyrir þennan hóp – því slíkir hópar verða starfræktir hjá Stígamótum.

Listasýningar í húsnæði Stígamóta

Þegar að Stígamót fluttu að Hverfisgötu 115 komst á skemmtilegt samstarf við íslenskar listakonur. Úrvals listakonur hafa tekið að sér öll herbergi hússins í ársfóstur. Þannig hafa sex listakonur sýnt verk sín í húsakynnum Stígamóta þetta árið. Í stofunni voru listaverk eftir Aðalbjörgu Þórðardóttur og þrjú þeirra voru seld á sýningunni. Í herbergjunum sýndu þær Sigríður Baldursdóttir, Þóra Einarsdóttir, Hildur Yeoman, Sigurborg Stefánsdóttir og Auður Vésteinsdóttir

Listaverkin hafa átt mikilvægan þátt í að skapa fallegt og frjótt umhverfi fyrir starfseminu og eiga listakonurnar heiður og þakkir skilið fyrir framlag sitt til starfsins.

Þann 8. mars var haldin móttaka vegna 20 ára afmælis Stígamóta

Að venju hófst dagurinn með blaðamannafundi þar sem ársskýrslan var kynnt og ársreikningar lagðir fram.

Um kvöldið var móttaka í Sjóminjasafninu þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flutti ávarp ásamt dr. Guðrúnu Jónsdóttur eldri.

Sögusýning var í hliðarsal þar sem sýnd voru myndbrot úr baráttunni ásamt veggspjöldum, áletrunum fatnaði og ýmsu öðru. Sýningin var sett upp af þeim Björgu G. Gísladóttur starfskonu Stígamóta og Sólrúnu Trausta Auðunsdóttur myndlistarkonu.

En afmælið var þriggja daga. Þann 9. mars var nauðgunarráðstefnan haldin á Grand hóteli og þann 10. var listasýning opnuð á Stígamótum.



Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Stuðningur starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala.



Eldhússpjall á Stígamótum

Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram, bæði í gegnum síma og tölvupóst.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálf ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum en einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Í þessum hópum koma brotáþolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Starfræktur var opinn hópur fyrir stúlkur á aldrinum 15 – 18 ára. Sá hópur var leiddur af Karen Lindu og þátttakendur höfðu leyfi foreldra sinna til þátttöku. Auk þess voru starfræktir 4 sífjaspellshópar, einn blandaður hópur sífjaspells og nauðgunarmála og einn nauðgunarhópur. Leiðbeinendur voru þær Þórunn, Elísabet, Auður Alfífa, Theodóra, Björg, Steingerður og Anna Bentína.

Leiðbeinendanámskeið og önnur fræðsla fyrir Stígamótafólk

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Að þessu sinni var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 24.-26. september á Stígamótum. Farið var vel yfir hugmyndafræði Stígamóta og þá sjálfshjálparvinnu sem hóparnir byggjast á. Konur frá Norðurlandi og Vestfjörðum sóttu að venju námskeiðið auk Stígamótafólks.

Að auki var starfskonum og leiðbeinendum gefinn kostur á að sækja heils dags námskeið um sjálfsköðun þann 17. sept.. Margar nýttu tækifærið, enda sjálfsköðun oft til umræðu í viðtölum og sjálfshjálparhópunum. Starfshópurinn keyrði norður á Akureyri og fór m.a. á ráðstefnuna Þögul þjáning.

Opnum 12 spora fundum var breytt í fræðsluerindi



Og stofurnar fylltust af þekkingarfúsu fólki. Frá kynningu Önnu Bentínu Hermansen á meistararitgerð sinni

Á árinu voru 12 spora fundirnir lagðir af í september. Fram að þeim tíma hafði Ingibjörg Kjartansdóttir mætt á alla fundi og haldið utanum starfið og fyrir hennar óeigingjarna starf ber að þakka. Í haust var ákveðið að brjóta upp og ná til fleira fólks en 12 spora fundirnir gerðu. Haldin voru opin fræðsluerindi og fylltust stofurnar á Stígamótum af flóðleikspyrstu fólki í hvert sinn. Erindin voru m.a. eftirfarandi:

Anna Bentína Hermansen kynnti meistararitgerð sína í kynjafræði undir heitinu Mér var stolið – um kynverund kvenna eftir kynferðislegt ofbeldi

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur og starfskona Stígamóta ræddi um áfallaröskun

Þórunn Þórarinsdóttir spjallaði um kynlíf eftir kynferðisofbeldi

Símabjónustan hefur verið kortlögð og þyrfti að verða miklu betri

Loksins eru til talningar á símaviðtölum Stígamóta eftir að Símafélagið gaf símtæki með innbyggðum talningum. Móttækin voru 2480 símtöl, en 731 fengu samband við símsvara á dagvinnutíma árið 2010. Þetta er enn ein staðfestingin á að starfsfólk þyrfti að vera fleira. Það er slæmt að starfskonur eru lokaðar

inni í viðtölum megnið af deginum og því verður símaþjónustan útundan. Af þessum viðtölum var langoftast um viðtalspantanir að ræða eða í 987 tilfellum. Stuðningsviðtöl við brotþola voru 191 og við aðstandendur 34 símtöl. Fagaðilar hringdu til Stígamóta 248 sinnum og fjölmiðlar 67 sinnum. Restin af símtölunum fjölluðu um annað.

Auk þessa átti fólk auðvitað mikil samskipti við Stígamót í gegnum tölvupóst. Það þarf minni kjark til þess að skrifa en að mæta í viðtöl og margir notuðu slík samskipti sem forvinnu fyrir viðtalsvinnuna.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

Á árinu var hafinn undirbúningur að stofnun athvarfs fyrir konur í vændi. Fólst hann m.a. í námsferð 3 Stígamótakvænna til Danmerkur, en þar tók Dorit Otzen á móti þeim. Dorit er mikill velunnari Stígamóta og skipulagði fjölda heimsóknna og fyrirlestra fyrir okkar konur. Sérstaklega voru þær þjálfaðar í rekstri svokallaðra Svanahópa. Þær gistu í EXIT athvarfi fyrir erlendar konur á leið úr vændi og voru því í miklu návígi við starfsemina.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

Pólitískt samfélagsstarf

Til viðbótar við hefðbundið fræðslustarf Stígamóta var árið sérlega viðburðaríkt vegna 20 ára afmælisins og vegna einstakrar samstöðu og samstarfs kvennahreyfingarinnar allrar. Byrjað verður á því að rekja hefðbundið pólitískt starf, en ýtarlegur kafli er helgaður samstarfi í kvennahreyfingunni.

Fræðsla og fyrirlestrar

Að venju sótti mikið af ungu fólki fræðslu og leiðsögn til Stígamóta. Mörg ungmenni komu vegna verkefna og ritgerðasmíða, bæði ein og í misstórum hópum. Heilu bekkirnir komu úr Kvinnaskólanum, frá Fjölbraut Suðurnesja og úr Borgarholtsskóla. Stór hópur kom frá Háskólanum á Bifröst og stór hópur meistaranema í lögfræði kom frá HR svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólk úr Ingunnarskóla mætti og einnig má nefna fulltrúa Ekron. Kvennasmiðjan kom tvisvar í spjall og fræðslu. Tíu fangaverðir fengu fræðslu sem var liður í menntun þeirra.

Auk þess var óskað eftir fræðslu af ýmsum aðilum. Má þar nefna heimsókn á Grund þar sem saman kom heimilisfólk og starfsfólk. Fimm manns úr Utanríkisráðuneytinu óskuðu eftir að heimsækja Stígamót. Í kjölfarið veitti Utanríkisráðuneytið 800.000 kr. styrk til þess að bjóða Umboðskonu Sameinuðu þjóðanna í ofbeldismálum Rashidu Manjoo til Íslands.

Frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts komu 7félagsráðgjafar í heimsókn. Þeir voru að hefja kembileit að ofbeldi og sýndu mikinn áhuga. Í kjölfarið á mikilli fjölmiðlaumræðu um ofbeldi innan kirkjunnar og hvernig haldið væri á málum kom Fagråd kirkjunnar í heimsókn á Stígamót.

Talskona Stígamóta flutti fyrirlestur á vegum Háskólans á Akureyri um ofbeldi gegn konum og var komið fyrir fjarfundarbúnaði þannig að nemar fylgdust með frá Akureyri, Ísafirði og úr Hafnarfirði. Óskað var eftir fyrirlestri úr Lögregluskólanum og Alþjóðlega jafnréttisskólanum. Jafnframt hefur komist á mikilvægt samstarf við Félagssráðgjöf í HÍ þannig að talskona Stígamóta flutti fyrirlestura bæði fyrir fyrsta árs nema og mastersnema.

En fólk kom ekki bara til þess að fræðast, heldur líka til þess að fræða og má nefna að Sabine Leskopf frá Women mætti á starfskonufund til þess að segja frá sínum merku samtökum.

Rannsóknir

Stígamót hafa hvatt háskólanema til þess að nýta sér þá námu sem Stígamót eru til þess að auka þekkingu og skilning á ofbeldi. Þannig hefur verið heitið kampavíni fyrir hverja rannsókn eða lokaritgerð byggða á starfi Stígamóta.

Anna Bentína Hermansen kynnti meistararitgerð sína í kynjafræði „Mér var stolið“ – um kynverund kvenna eftir kynferðisofbeldi. Í rannsókninni var það enn staðfest hvað skömm og sektarkennd eru ráðandi þættir í lífi okkar fólks.

Guðrún Söderholm tók viðtal við talskonu Stígamóta vegna rannsóknar á meðferð ofbeldismála hjá félagasamtökum og öðrum aðilum. Það sama gerði Caroline Fish frá North Carolina sem er að rannsaka mismunandi kvennabaráttu í nokkrum löndum.

Nýtt gæðamat á þjónustu Stígamóta



Inga Vildís Bjarnadóttir

Inga Vildís Bjarnadóttir vann Stígamótum mikið gagn þegar hún ákvað að skrifa meistararitgerð sína í félagsráðgjöf um þjónustu Stígamóta. Ritgerðin heitir Þjónusta Stígamóta. Mat á þunglyndi kvíða, streitu og sjálfsvirðingu fyrir og eftir fjórar heimsóknir. Rannsóknarverkefnið var frábærilega vel unnið og vel sett fram. Inga Vildís bar saman tvo hópa, annars vegar fólk í hópi 1 áður en það fór í fyrsta viðtal og hins vegar fólk í hópi 2 sem hafði farið í a.m.k. fjögur viðtöl til ráðgjafa hjá Stígamótum.

Niðurstöðurnar sýndu marktækt betri líðan hjá hópi 2. Eins og segir í ritgerðinni; Marktækur munur mældist á einkennum þunglyndis, kvíða og streitu á milli hópa en meðaltal einkenna þunglyndis mældist á mörkum miðlungs og alvarlegs þunglyndis hjá hópi 1 en vægt hjá hópi 2. Einkenni kvíða mældust alvarleg hjá hópi 1 en miðlungs hjá hópi 2. Einkenni streitu mældust miðlungs hjá hópi 1 og væg hjá hópi 2. Sjálfsvirðing mældist marktækt hærrí hjá hópi 2.

Heimasíðan uppfærð og facebook síða stofnuð

Karen Linda starfskona Stígamóta uppfærði heimasíðuna sem lengi hefur mætt afgangi hjá Stígamótum. Hún stofnaði jafnframt facebook síðu og hefur verið ötul í bæklingaútgáfu. Karen Linda stóð annars vegar fyrir útgáfu bæklinga á ensku um Stígamót og hins vegar framleiddi hún bækling á 6 tungumálum til þess að ná til erlendra kvenna. Bæklingarnir eru ókeypis.

Bæklingur um réttindi erlendra kvenna á Íslandi

Margrét Steinarsdóttir sótti um styrk í Þróunarsjóð innflytjendamála í nafni Stígamóta til þess að skrifa langþráðan bækling um réttindi erlendra kvenna á Íslandi. Bæklingurinn var þýddur á ensku, pólsku, spænsku, rússnesku, tailensku og arabísku. Hann var skrifaður af Margréti í samvinnu við Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Útlendingastofnun, Samtök kvenna af erlendum uppruna, lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Kvennaathvarfið og Fjölmenningarsetur.

Ýmiskonar samstarf

Með árunum hefur samvinna við stjórnvöld og aðra aðila aukist mjög og er það af hinu góða. Má nefna að Stígamót eiga ásamt Kvennaathvarfinu einn fulltrúa í Jafnréttisráði. Síðustu tvö ár sat talskona Stígamóta í ráðinu, en næstu tvö árin mun Kvennaathvarfið manna þetta hlutverk.

Í Sérfræðinga- og samhæfingarteymi gegn mansali eiga sæti fulltrúar þeirra stofnanna og samtaka sem koma beint að mansalsmálum. Fundað hefur verið stíft í ráðinu þetta árið og Stígamótafulltrúinn hefur mætt eftir bestu getu. Teymið tilnefndi vinnuhóp til þess að gera tillögur um félagsleg úrræði fyrir fórnarlömb mansals. Í hópnum áttu sæti Ingibjörg Broddadóttir, Sigtryggur Jónsson, Sigprúður Guðmundsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. Hópurinn skilaði tillögum sínum í maí, en þær hafa ekki verið teknar fyrir í stærri hópnum.

Ýmis fleiri verkefni hafa tengst teyminu og má nefna fundi með erlendum sérfræðingum og lögreglu og með ýmsum þeim sem beint hafa komið að einstökum málum.

Stígamótum var boðið að tilnefna fulltrúa í ólaunaðan vinnuhóp sem skila átti af sér nýrri aðgerðaáætlun um ofbeldi í nánnum samböndum. Áætlunin átti að skrifast á fjórum mánuðum og því um mikla vinnu að ræða, ef útkoman ætti að verða vönduð. Stígamót buðust til þess að taka þátt í vinnunni en með því skilyrði að hún yrði borguð. Aldrei fékkst svar við þeirri ósk, svo aðrir vinna nú þessa vinnu og vonandi skilar hún árangri. Þó viðurkenning á þekkingu og reynslu félagasamtaka í jafnréttismálum hafi aukist til muna frá því sem áður var, er enn algengt að bjóða fulltrúunum aðild að vinnu – en í sjálfboðavinnu. Slík aðkoma þekkist vart í öðrum málaflökkum. Hér er því enn verk að vinna.

Í mörg ár hefur Stígamótum verið boðið að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Til að byrja með var kostnaður greiddur en það breyttist eftir bankahrunið. Myndast hefur traust og góða samvinna við starfsfólk Utanríkis- og Félagsmálaráðuneyta. Sendinefndin hefur tvisvar staðið fyrir hliðarviðburðum sem vakið hafa athygli.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Sú venja hefur skapast á undanförunum árum að bjóða til Stígamóta því lykilfólki sem hefur aðstæður og völd til þess að breyta íslensku samfélagi. Þá er starfsemin kynnt lítillaga, boðið uppá kaffi og með því og síðan rætt sérstaklega um þau málefni sem brýnust eru hverju sinni. Undantekningalaust hafa slík boð skilað auknum skilningi og bættu samstarfi.

Þann 20. janúar mætti Árni Páll Árnason þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra í eftirmiðdagskaffi. Farið var yfir sviðið og ráðherrann sýndi skilning og áhuga á þeim hugmyndum sem Stígamót kynntu honum.

En fleiri lykilpersónur heimsóttu Stígamót. Ögmundur Jónasson tilkynnti fljótlega eftir að hann tók við embætti dómsmálaráðherra að hann óskaði eftir fundi og sem bestu samstarfi við Stígamót. Hann var boðinn velkominn í eftirmiðdagskaffi. Báðar þessar heimsóknir skiluðu auknum skilningi og leiddu beinlínis til góðra verka. Halla Gunnarsdóttir aðstoðarkona dómsmálaráðherra hefur lengi unnið með Stígamótum að framfaramálum, svo Stígamótafólk verður að lýsa ánægju með skilningi í ráðuneytinu.

Pólítískt starf Stígamóta krefst samvinnu við stjórnmalafólk

Til þess að betrubæta íslenskt samfélag og heimsbyggðina alla ef því er að skipta, þarf að eiga samskipti við stjórnvöld. Á Stígamótum eru konur vel meðvitaðar um þetta og banka hiklaust á dyr stjórnmalafólks þegar þess þarf. Og svo er líka bankað á Stígamótadyr öðru hverju.

Það verður að segjast að árið 2010 voru þessi samskipti fyrst og fremst árangursrík og vinsamleg. Þannig flutti forsætisráðherra ávarp á 20 ára afmæli Stígamóta og hún kom líka í heimsókn ásamt dómsmálaráhherra og keypti kynjagleraugu fyrir alla ríkisstjórnina. Stefán Eiríksson lögreglustjóri mætti við sama tækifæri og fékk sér þessi þörfu gleraugu. Skottur réðust í gleraugnasölu til þess að bæta þjónustu Stígamóta og fyrir þau greiddi ríkisstjórnin milljón. Ríkisstjórnin skildi líka mikilvægi Kvænnafrídags og stofnun vændisathvarfs og sýndi það í verki.

Borgarstjórn styrkti Stígamót óbeðin um tvær milljónir króna á 20 ára afmælinu og kom það sér einstaklega vel. Jón Gnarr borgarstjóri tók líka á móti talskonu Stígamóta og öðrum Skottum vegna Kvænnafrídagsins og borgarstjórn styrkti viðburðinn um 2 milljónir króna.

Lög um lokun nektarstaða – pólítískur sigur sem vakti alþjóðlega athygli

Þann 23. mars sl. sendu Stígamótakonur eftirfarandi tölvupóst til samstarfsskvenna sinna í alþjóða samfélaginu:

Kæru systur.

Í dag munu Stígamótakonur opna kampavinsflösku sem geymd hefur verið í kæli í langan tíma. Í dag ákvað alþingi að nektarstöðunum á Íslandi skyldi lokað og allar undanþágur í eldri lögum afnumdar. Svo ágætu systur. Draumur okkur um að loka búðunum sem selja aðgang að konum er að rætast! Við urðum að deila gleði okkar með ykkur. Baráttukveðjur.

Og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Fjöldi erlendra fjölmiðla hafði samband og má nefna viðtal á BBC og Radio New Zealand. Skeytunum rigndi yfir okkur og við leyfum okkur að birta sýnishorn af þeim hér:

Faiza Mohamed frá Equality Now! í Afríku skrifaði: We share you celebration. Wonderful job! Congratulations to you all. Hugs, Faiza

Anber Raz skrifaði frá London: How exciting!!!! Congratulations to you all! This is a testament to the hard work and determination of those fighting for women's rights in Iceland. Best wishes to you all
Anber

Frá Gunilla Ekberg: "One more victory for the Icelandic Feminists, and an inspiration for the rest of us. To life and to a Feminist future!"
Gunilla

I am so thrilled for you, for Iceland and for the world. Maybe now we can use Iceland as a model for the rest of the world. This is certainly the year of Stígamot -- 2 victories -- the law against demand and the closing down of the strip clubs. What victories.
Love, Janice

Power to you and all of us! In sisterhood. Angela

Fantastic and congratulations! Job well done
Prof. N.. Luo

Frá Ástralíu kom þetta skeyti:

You and your sisters are an inspiration. I enjoy being able to tell my students about the banning of strip clubs in Iceland because it enables them to think that male domination could have limits. It enables them

to dream, and make it a reality. So thanks so much for blasting this hole in the atmosphere of male domination.

In sisterhood, Sheila J.

Dr. Sunitha Krishnan skrifaði frá Indlandi: Congratulation..one more miliestone

Malka skrifaði frá Frakklandi : Congratulation for the incredible achievment and determination to have the strip clubs in Iceland removed. Your action is a model of all of us and I look forward seeing you in Iceland in october for the big demosntration.

Frá Danmörku kom : I er seje på Island. Godt gået

Venlig hilsen

Lene Johannesson

Sekretariatsleder

Elin skrifaði frá Kvinnuhúsinu í Færeyjum Well done all women of Stígamót.

Very best wishes Elin

Colette DeTroy framkv. Stýra EWL Observatory: That's wonderful! Congratulations again to you and all your colleagues from Stigamot and Icelandic women! Best regards, Colette

Fantastiskt! Ni visar ständigt att det går att förändra.

Hälsningar Kicki

Marit frá Noregi: Gratulerer! Dette er fantastisk! Jeg har lyst til å skrive om dette i en liten avis som heter Rødt Nytt

Congratulations on your extraordinary victory! Warm regards, Dorchen A. Leidholdt Director Center for Battered Women's Legal Services Sanctuary for Families

Greetings

from Sweden and Feminist initiativ, F!,

Hälsningar Gudrun Schyman .

Frá Bergen kom þetta:

Dear all members in Stigamot. What a fantastic news: a law against strip clubs in Island.

Congratulation. I can assure you all that we will make good use of it here in Bergen, where a strip club opened the 23 January. Since then there have been rallies every Saturday outside the club. and we will continue until it is closed. I will take with me the good results from Island and share it with feminists in Norway.

Best wishes

Agnete Strøm, Kvinnefronten i Noregi

Og fréttin flaug um hinn feministiska heim og þetta skeyti kom nokkrum dögum síðar frá Filipseyjum:

Thank you for the information. Our raise fist for this victory. This is a victory not only for the women of Iceland but also the women of the world. This means we have one less destination of sex trafficking, if the law is well implemented.

Sincerely yours,

Emily

GABRIELA Philippines

Prófessor Maud Eduards í Svíþjóð skrifaði: Thanks for this fantastic piece of information. And for your dedicated work in Stigamot! Always, Maud E

Julia Bindel skrifaði

Dear Gudrun and respected colleagues. I cannot tell you how proud I am to know and work with you all, and how delighted I (and my sisters here) are to hear the news about the strip clubs. More strength to you. I am planning on writing about your sucess in the Guardian.

Fjölmiðlar

Fyrir félagasamtök sem hafa það að megin markmiði að skapa friðsælla og betra samfélag er nauðsynlegt að vera í góðu sambandi við fjölmiðla. Á árinu kviknuðu miklar umræður um ofbeldi og meðferð ofbeldismála innan kirkjunnar og annarra valdastofnanna. Í kjölfarið leituðu margir til Stígamóta með gömul valdniðslumál. Vaskleg framgangna kvenna eins og Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur og margra annarra leiddu til þess að von og þrá kviknuðu hjá fólki um að þau yrðu tekin alvarlega og þeim trúað.

Önnur mikilvæg fjölmiðlaumræða skapaðist eftir viðtöl DV við ríkissaksóknara og yfirmann kynferðisbrotadeildar lögreglunnar. Báðir mennirnir afhjúpuðu þekkingarskort og fordóma gagnvart konum sem kæra nauðganir. Greinunum var svarað af mörgum, og fékk talskona Stígamóta nokkur tækifæri til þess að tjá sig um málflutninginn. Í kjölfarið boðaði dómismálaráðherra til fundar með fjölmörgum aðilum sem koma að kynferðisbrotamálum og markmiðið var að auka skilning og bæta meðferð þessara mála. Stígamót voru virk í fjölmiðlaumræðu í flestum fjölmiðlum landsins sem betur fer.



Fjölmiðlar í stofunni á Stígamótum

Nauðganir og viðbrögð samfélagsins við þeim

Nauðganir og viðbrögð samfélagsins

Ráðstefna í tilefni af 20 ára afmæli Stígamóta á Grand hóteli, þriðjudaginn 9. mars kl. 13-17.

Þrátt fyrir þessa þessari að nauðgunarmálum er fylgt frá verknaði og staldrað við á öllum stigum þar til hugsanlegir dómur falla. Leitast var við að svara því hvað gerist í meðförum hvers stigs. Er meðferðin viðunandi eða getum við hjálpast að við að bæta hana.

1. Stærðarmál, Ragna Árnadóttir, sner viðskipta
2. "Já, ef þetta myndi vera?" - hvaða línu ferast þú á milli, hvernig þú ferast á milli - hvernig þú ferast á milli
3. "Eru nauðganir á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
4. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
5. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
6. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
7. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
8. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
9. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
10. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli
11. "Hvernig þú ferast á milli?" - hvernig þú ferast á milli, hvernig þú ferast á milli

5347 Stígamót

Þann 9. mars héldu Stígamót mikla ráðstefnu á Grand hóteli í tilefni af 20 ára afmælinu. Dagskráin var hugsuð þannig að nauðgunarmálum var fylgt frá verknaði og staldrað við á öllum stigum þar til hugsanlegir dómur falla. Leitast var við að svara því hvað gerist í meðförum hvers stigs. Er meðferðin viðunandi eða getum við hjálpast að við að bæta hana.

Einvala liði var boðið að halda erindi og Guðrún Agnarsdóttir tók að sér fundarstjórn. Þáverandi dómismálaráðherra Ragna Árnadóttir opnaði ráðstefnuna. Hún gerði meira en það hún sat hana alla sem er óvenjulegt af ráðherra og sýndi mikinn áhuga.

Aðrir frummælendur voru Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann höfundur bókarinnar "Á mannamáli" Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta spurði hvort nauðganir væru ásættanlegar. Sæunn Kjartansdóttir sálgreindir talaði um brotalöminu í rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála. Katrín Anna Guðmundsdóttir jafnréttishönnuður hélt erindi sem hún kallaði "Flugvélin var á lofti þegar hún hrapaði" – um konur, fjölmiðlun og öryggi.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður ræddi aðkomu réttargæslumanna að nauðgunarmálum. Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu Stefán Eiríksson talaði um hlutverk og verkefni lögreglu í nauðgunarmálum. Ríkissaksóknari Valtýr Sigurðsson fór yfir aðkomu embættis ríkissaksóknara að nauðgunarmálum. Að lokum ræddi Ragnheiður Harðardóttir settur héraðsdómari meðferð nauðgunarmála fyrir dómi.

Með því að leiða saman alla þessa aðila fékkst nokkuð góð yfirsýn yfir málaflokkinn og hversu mikið þarf að gerast til þess að vel megi við una. Ráðstefnan var fjölsótt og voru þátttakendur rúmlega tvö

hundrað. Hún var þó aðeins hugsuð sem upphitun fyrir norræna ráðstefnu um sama efnið sem Stígamót héldu fyrir Nordiske kvinner mot vold.

Norræna ráðstefnan „Nauðganir“ fyrir Norrænar konur gegn ofbeldi



Með réttu hefði ráðstefna Nordiske kvinner mot vold átt að vera í Noregi árið 2010. En þegar norrænir kollegar heyrðu af væntanlegri alþjóða ráðstefnu og kvennafrídegi á Íslandi þótti upplagt að tengja ráðstefnuna við aðgerðirnar og Stígamót héldu ráðstefnuna dagana 22.-23. okt. á Hótel Loftleiðum. Þátttakan var mjög góð, um 250 konur sóttu ráðstefnuna frá öllum Norðurlöndunum.

Dagskráin var þó styttri en venjulega þar sem alþjóðlega ráðstefnan Women strike back var haldin í beinu framhaldi af þeirri norrænu sunnudaginn 24. október.

Jafnréttisviðurkenningar Stígamóta árið 2010



Heiðurskonurnar Tove Hegg Versland, Guri Vold, Dorit Otzen, Tove Smaadahl, Edda Jónsdóttir, Eyrún Jónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Anna Bentína Hermansen

Á Stígamótum þar sem daglega lífið tengist ofbeldi og mannréttindabrotum, er mikilvægt að gleðjast og fagna öllu því vel er gert og Stígamótafólk er að verða æ betra í að koma auga á hið gleðilega í lífinu. Í ár voru jafnréttisviðurkenningar Stígamóta afhentar í þriðja sinn. Að þessu sinni var um tvenns konar viðurkenningar að ræða, annars vegar jafnréttisviðurkenningar og hins vegar samstöðuviðurkenningar. Hér verða upptaldar þær hetjur sem fengu viðurkenningar ársins og textinn á viðurkenningarskjölunum fylgir með.

Anna Bentína Hermansen

Á undanförunum vikum hafa fordómar og þekkingarleysi hjá valdamönnum innan réttarkerfsins afhjúpast. Besta svarið við slíku er fræðsla og vitundarvakning. Meistararitgerð Önnu Bentínu „Mér var stolið“ - kynverund kvenna eftir kynferðisofbeldi, er mikilvæg rannsókn og endurspeglar hversdagslífið á Stígamótum. Anna Bentína skrifaði ekki fyrir skúffuna, heldur hefur hún notað þekkingu sína til þess að beita sér í umræðunni. Megi þekking hennar nýtast sem allra best.

Edda Jónsdóttir

Edda hefur í mörg ár tekið þátt í margs konar kvennabaráttu. Það hefur verið yndislegt að fylgjast með henni eflast og finna leiðir til þess að beita sér. Edda gerði á árinu fjóra vandaða þætti um vændi hjá Ríkisútvarpinu. Þættirnir voru fróðlegir og gáfu raunsanna mynd af því ofbeldi sem í vændinu felst. Þannig stóð Edda fyrir mikilvægri fræðslu og vitundarvakningu. En það er einmitt mikilvægasta leiðin til þess að eyða fordómum og koma í veg fyrir frekara ofbeldi.

Eyrún Jónsdóttir

Það kostaði langa baráttu að opna Neyðarmóttöku vegna nauðgana, fyrirmyndarúrræði á forsendum þeirra sem á þurftu að halda. Um hana hefur alltaf þurft að standa vörð, bæði fjárhagslega og faglega.

Sú kona sem staðið hefur vaktina frá upphafi á Neyðarmóttökunni, á heiður skilinn. Eyrún er dyggur samstarfsaðili Stígamóta og berst hetjulega fyrir því að vernda þá þjónustu sem Neyðarmóttakan á að sinna.

Við däumst að þrautseigju hennar og trúmennsku í erfiðu starfi við ómögulegar aðstæður og heitum því að standa við hlið hennar í baráttunni.

Dr. Guðrún Jónsdóttir eldri

Brautryðjandinn sem átti stóran þátt í að íslensk kvennahreyfing blómstraði. Með eldmóði, krafti og hugmyndaauðgi virkjaði hún grasrótina og hirti hvorki um titlatog eða stöðu. Hún skipulagði nokkrar af ógleymanlegustu aðgerðum síðustu aldar. Hún lagði mikið af mörkum í kvennaframboðunum, skrifaði í Veru, stofnaði Kvennahús, keypti Hlaðvarpann, var öflug í Samtökum kvenna á vinnumarkaði. Hún hélt utanum félagsráðgjafanámið í Háskólanum og síðast en ekki síst, þá stofnaði hún Stígamót. Hún skapaði þann faglega grunn sem starf Stígamóta byggir á enn þann dag í dag og fyrir það geta nú 5.500 einstaklingar þakkað.

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir

Sigrún Pálína hefur sýnt ótrúlega þrautseigju og hugrekki með því að segja sögu sína, þrátt fyrir ítrekaðar og öflugar þöggunartilraunir. Henni hefur tekist eftir áratuga baráttu að fá viðurkenningu kirkjunnar á misgjörðunum sem hún var beitt. Með því hefur hún verið fyrirmynd fyrir margra sem í langan tíma hafa þagað yfir órétti. Hún hefur vakið hjá fólki þrána eftir því að fá viðurkenningu á ofbeldinu sem það hefur verið beitt. Hún hefur aukið Stígamótafólki bjartsýni á að réttlætið sigri að lokum.

Samstöðuverðlaun ársins 2010

Á Stígamótum þar sem konur njóta þess frelsis að geta gert það sem þeim sýnist var ákveðið að búa til sérstakan viðurkenningaflokk í ár sem kallaður var samstöðuverðlaunin eða „solidaritetsprisene“ Þau voru veitt erlendum samstarfsaðilum sem reynst hafa ákaflega vel í samstarfi við Stígamót. Annars vegar tvönn verðlaun til þeirra Dorit Otzen og Tove Smaadahl og hins vegar tvönn leynileg verðlaun til leynilegra kvennaathvarfa með leynilega staðsetningu sem tekið hafa við Stígamótakomum í neyð.

Norræn ráðstefna

Norrænar konur gegn ofbeldi, regnhilfarsamtök 230 norrænna kvemna-athvarfa, og Stígarnót boða til ráðstefunnar

Nauðganir

Hótel Loftleiðum 22.–23. okt. 2010



Fundarstýra: Kolbrún Halldórsdóttir fyrrum umhverfisráðherra
Ráðstefnan fer fram á dönsku, norsku og sænsku
Skráning fer fram á www.kvennafri.is – Ráðstefnugjald 10.000 kr.

Föstudagur 22. okt.

- Kl. 13.00–15.00 Opið hús hjá Stígarnótum, Hverfisgötu 115
- Kl. 16.00–17.00 Skráning og afhending gagna á Hótel Loftleiðum
- Kl. 17.00–17.15 Guðrún Jónsdóttir talskona Stígarnóta býður gesti velkomna
- Kl. 17.15–17.30 Ógmundur Jónasson dómsmálaráðherra setur ráðstefnuna
- Kl. 17.30–18.50 Staðan í nauðgunarmálum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og á Grænlandi

Laugardagur 23. okt.

- Kl. 9.00–09.30 Astrí Aas Hansen statssekretær í Dómsmálaráðuneyti Noregs: „Norges bekjempelse av voldtekter og mulige forbedringer av rettsystemet“
- Kl. 9.30–10.10 dr. Eva F. Diesen: „Framgáangar och motgáangar i polisens utredningar om sexualbrott“ - om omfattande svensk undersökelse av rettsvesenets håndtering av voldtekter
- Kl. 10.10–10.30 Kaffi
- Kl. 10.30–11.00 Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann rithöfundur: „Men varför anmälde du inte?“
- Kl. 11.00–12.00 Staðan í nauðgunarmálum í Svíþjóð, Færeyjum og á Íslandi
- Kl. 12.00–14.00 Hádegisverður
- Kl. 14.00–15.20 Vinnustofur – fyrri umferð
- Kl. 15.20–15.40 Kaffi
- Kl. 15.40–17.00 Vinnustofur – seinni umferð

Nánari upplýsingar um vinnustofur á www.kvennafri.is

Alþjóðleg ráðstefna

á vegum Skottanna regnhilfarsamtaka 20 íslenskra kvemnasamtaka

Kynferðis- ofbeldi

Háskólabíói við Hagatorg
24. okt. 2010 kl. 10–17

Fundarstýra: Kolbrún Halldórsdóttir fyrrum umhverfisráðherra
Ráðstefnan fer fram á ensku
Skráning fer fram á www.kvennafri.is – Ráðstefnugjald 3.000 kr.

Sunnudagur 24. okt.

- Kl. 10.00–10.15 Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti og verndari Skottanna setur ráðstefnuna
- Kl. 10.15–10.45 Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í ofbeldismálum, frú Rashida Manjoo
- Kl. 10.45–11.15 Janice Raymond prófessor, Coalition against Trafficking in Women: „Resisting the Demand for Prostitution and Trafficking“
- Kl. 11.15–11.30 Menningaratriði
- Kl. 11.30–12.00 Frú Zvezdana Batkovic frá CARE International NNB: „Young Men's Initiative“
- Kl. 12.00–13.30 Hádegisverður og menningaratriði
- Kl. 13.30–14.00 Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs og meðlimur í „We Must Unite“, sem er hópur 14 heimsþekktara karlfleðtoga, á vegum Ban Ki-moon's aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem hafa skuldbundið sig til þess að setja baráttuna gegn kynferðisofbeldi í forgang í stórfum sínum
- Kl. 14.00–14.30 Dr. Esohe Aghatise: „Gender Violence in Africa: Prostitution and Trafficking in Select African Countries“
- Kl. 14.30–15.00 Ruchira Gupta, forseti Apne Aap Women Worldwide, Indlandi
- Kl. 15.00–15.30 Kaffi
- Kl. 15.30–16.00 Taina Bien Aime, framkvæmdastýra samtakanna EQUALITY NOW!: „Grassroots Activism to End Women's Rights Violations“
- Kl. 16.00–16.30 Margarita Guille, í stjórn alþjóðasamtaka kvemnaathvarfa: „Shelters and Women at Risk in Latin America, Why Do We Need to Network?“
- Kl. 16.30–17.00 Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna „The Burning Issues in the Fight Against Gender Based Violence in Iceland“



Samtökin eru skipuð af íslenskum kvemnasamtökum

Stórviðburðir innan kvennahreyfingarinnar

Hér verður sagt frá stórviðburðum innan íslenskrar kvennahreyfingar, þó Stígamót eigi ekki meira í þeim en önnur kvennasamtök. Atburðarásin var í fyllsta samræmi við markmið Stígamóta og mikilvægt að skrá þessa sögu.

Á árinu urðu þau sögulegu tímamót að kvennahreyfingin á Íslandi ákvað að mynda formlegan samstarfsvettvang um 24. október. Regnhlífarsamtökin fengu nafnið Skotturnar. Skotturnar ákváðu að beina sjónum að kynbundnu ofbeldi auk launamunar kynjanna. Skotturnar réðust í landsöfnun til þess að bæta úrræði vegna kynferðisofbeldis. Sólstafir og Aflíð voru styrkt með ágóðanum af söfnun á Vestfjörðum og á Norðurlandi. Megináhersla var lögð á að fjármagna tvö stór verkefni sem Stígamót ætla að framkvæma. Stígamót tóku að sér að halda ráðstefnu fyrir hönd Nordiske kvinner mot vold á Íslandi og í framhaldi af því héldu Skotturnar alþjóðlega ráðstefnu um kynferðisofbeldi. Hápunktur ársins var svo magnaður kvennafrídagur þann 25. október sem undirbúinn var af einhuga kvennahreyfingu.

Undirbúningur fyrir Kvennafrí hófst hófst í okt. árið 2009

Það þarf ekki að minna á að samstaða íslenskra kvenna þann 24. okt. 1975 vakti heimsathygli. Það sama má segja um 24. okt. árið 1985 og síðast árið 2005. Hvergi annars staðar virðast konur hafa náð annari eins samstöðu um kjör sín og stöðu.

Árið 2010 var merkilegt fyrir margra hluta sakir. Þá voru 95 ár frá því konur fengu kosningarétt, 35 ár frá fyrsta kvennafrídegi, 40 ár frá stofnun Rauðsokka, 30 ár frá því að Vigdís varð forseti, Kvenfélagasambandið varð 80 ára og Stígamót 20 ára. 100 ár voru liðin síðan að 8. mars var gerður að alþjóðlegum baráttudegi kvenna og 15 ár frá því Pekingáætlunin var samþykkt. Það var ærin ástæða til þess að halda kvennafrí árið 2010



Frá Kvennaverksfallinu 1975

Fyrsti fundur var haldinn þann 6. okt. 2009 á Stígamótum og öll kvennahreyfingin var boðuð. Allir hafa kvennafrídagarnir á Íslandi verið einstakir og alltaf hafa konur farið í verkfall. Opinberlega hefur ýmist verið talað um kvennafrí eða kvennaverksfall, en kvennafrí hefur verið útbreiddara nafn og það varð ofaná í opinberu efni. Konur voru sammála um að hver og ein gerði það upp við sig hvort hún færi í kvennafrí eða kvennaverksfall.

Það var strax ákveðið að yfirskrift dagskrár þetta árið myndi snúast um baráttuna gegn kynferðisofbeldi. Ástæðan var augljós.

Enn er ofbeldi karla gegn konum ljótasti bletturinn á jafnréttisríkinu Íslandi. Fulltrúar allra kvennasamtakana ákváðu einróma að sameinast í kröfunni um að Ísland standi undir nafni sem réttarríki – líka fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Minnt var á að á tíu ára tímabili (1997-2006) féllu í héraðsdómum að meðaltali innan við 5 nauðgunardómar á ári og í Hæstarétti innan við 3 nauðgunardómar á ári. Á sama tíma fengust Stígamót og Neyðarmóttaka vegna nauðgana við 200-300 nauðganir hvert ár og vitað er að fjöldi kvenna sótti ekki hjálp. Þótt margt hafi áunnist á undanförmum 20 árum eru enn bullandi fordómar ríkjandi gagnvart þeim sem beitt eru ofbeldi og ofbeldismenn hvorki sýnilegir, kærðir, ákærðir né dæmdir. Rauði þráðurinn í lífi kvenna sem hefur verið nauðgað er enn skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd. Konur eru sammála um að það er óásættanlegt. Mikill niðurskurður hefur verið í fjárframlögum til Neyðarmóttöku og starfsemi hennar skert verulega. Stígamót hafa sagt upp fólki vegna efnahagsástandsins og því útilokað að takist að halda úti þeirri þjónustu sem nauðsynleg er.

Aðdragandinn að stofnun Skottanna

Einstakur kraftur og áhugi myndaðist í hópi þeirra kvenna sem hófu undirbúninginn.

Kvennasamtökin tilnefndu öll fulltrúa í undirbúningshópinn og stækkaði hópurinn jafnt og þétt og á endanum voru það 23 samtök sem stóðu að kvennafrídeginum. Að auki var passað uppá að virkja alla góða krafta. Þannig tóku áhugasamar konur utan félagasamtaka fullan þátt í undirbúningi og margar listakonur slógust í hópinn, svo segja má með sannri að grasrótin hafi blómstrað.



Fljótlega skiptu konur með sér verkum.

Vinnuhóparnir voru fjáröflunarhópur, fræðslu og kynningarhópur sem opnaði heimasíðuna www.kvennafri.is m.meiru, landsbyggðarhópur og listahópur. Skotturnar - félag um 24. október voru svo formlega stofnaðar þann 25. mars á Hallveigarstöðum. Stígamót buðust til þess að hýsa starfseminu og heimilisfang Skottanna og miðstöð undirbúningsins var því á Stígamótum, Hverfisgötu 115. Skipuð var 5 kvenna framkvæmdanefnd. Í henni sátu Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta sem jafnframt var formaður stjórnar, Margrét Rögnvaldsdóttir frá Soroptimistum, Halldóra Traustadóttir fyrir hönd Kvenréttindafélagsins, Hrafnhildur Gunnarsdóttir f.h. Feministafélagsins, Guðrún Hansdóttir frá Zonta. Bryndís Bjarnarson var ráðin verkefnisstýra og hóf störf í lok mars. Konur skáluðu í kampavíni og skynjuðu að stundin var stór.

Hugmyndir um verkefnið mótuðust hratt

Fljótlega mótuðust hugmyndir um verkefnið. Konur voru sammála um að einstök kvennasamstaða fyrri kvennafrídaga eða verkfalla væri dýrmæt og það væri mikilvægt að varðveita hana. En það var jafnframt mikilvægt að auka skilning og vitund um stöðu kynjanna. Þess vegna kom Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann sterk inn með bók sína „Á mannamáli“ sem hún skrifaði um kynferðisofbeldi á Íslandi. Bókin gefur góða yfirsýn yfir stöðu í málaflokknum og því mikilvægt að dreifa henni sem víðast. Þórdís Elva sýndi ótrúlega elju við að virkja karla og félagasamtök í að selja og kynna bókina og sýndi þann höfðingsskap að ánafna Skottunum og baráttunni ágóðann.

Á sömu forsendum var ákveðið að halda alþjóðlega ráðstefnu sunnudaginn 24. okt. um kynferðisofbeldi. Þannig var líka hægt að verja það að sjálft verkfallið myndi eiga sér stað mánudaginn 25. okt. því verkfall á sunnudegi er bitlaust.

Vitað var að hróður fyrri kvennaverkfalla hafði borist út um allan hinn feminíska heim og því var tilvalið að gefa útlenskum konum tækifæri til þess að vera með. Kvennasamtökin sem tóku þátt í alþjóðlegu starfi voru hvött til þess að bjóða upp á fundi eða ráðstefnur í tengslum við Kvennafrídaginn til þess að gefa sem flestum tækifæri til þess að vera með. Þannig héldu Stígamót norrænu ráðstefnuna um Nauðganir dagana 22.-23. október, svo norrænar konur gætu sameinað þátttöku í henni, á alþjóðlegu ráðstefnunni og svo í sjálfu verkfallinu. Þær létu sig ekki vanta og um 250 norrænar konur sóttu stóllur sínar heim.

Reiknað var út að konur hefðu 65.65% af heildarvinnutekjum karla. Réttlátur vinnudagur væri því ekki frá kl. 9-17 heldur frá kl 9 – 14.25. Launamunur kynjanna hafði minnkað um 2.15% frá því fimm árum áður þegar konur lögðu niður vinnu kl. 14.08.

En áhuginn var brennandi og krafturinn líka. Konur vildu gera meira en að sýna samstöðu og fræða. Þær vildu líka bæta þau úrræði sem fyrir hendi eru fyrir konur sem beittar eru ofbeldi. Ákveðið var að ráðast í landsöfnun og samstaða náðist um að söfnunarfénu yrði skipt á milli Sólstafa á Ísafirði, Afslins á Akureyri og Stígamóta í Reykjavík í réttu hlutfalli við sölu. Hlut Stígamóta skyldi varið þannig að verkefnið „Stígamót á staðinn“ yrði endurvakið og ef nægt fjármagn fengist yrði stofnað athvarf fyrir konur á leið úr vændi sem mannað yrði utan dagvinnutíma með sjálfboðaliðum úr röðum Skottanna.

Ráðist var í hönnunarsamkeppni á merki í samstarfi við Hönnunarmiðstöð sem fór þannig að framleiddar voru tíu þúsund kynjagleraunagætur og þúsund kynjagleraugu.

Skotturnar ætla að bæta stöðu kvenna

Samstarfsvettvangur 23 kvennasamtaka um 24. október

- Aflið
- Bríet félag ungra feminista
- Feministafélag Íslands
- Kvenfélagasamband Íslands
- Kvennaráðgjöfin
- Kvenréttindafélag Íslands
- Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
- Samtök kvenna af erlendum uppruna
- Delta Kappa Gamma
- Félag kvenna í endurskoðun
- Félagi kvenna í læknastétt
- Félag kvenna í endurskoðun
- Samtök um kvennaathvarf
- Soroptimistasamband Íslands
- Sólstafir
- Stígamót
- UNIFEM
- V-dagssamtökin
- Zontasamband Íslands
- Feministafélag HÍ
- Félag prestvígðra kvenna
- Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands
- Félag fjölmiðlakvenna

Samskiptin við verkalyðshreyfinguna með meiru

Þar sem verkefnið var stórt og viðamikl þá var vitað að það yrði jafnframt dýrt. Konur vissu af reynslu að þátttakan yrði mikil og vildu vanda eins vel til verka og kostur var. Ákveðið var að leita fyrst og fremst eftir stuðningi hjá verkalyðsfélögunum af augljósum ástæðum og hjá stjórnvöldum en að auki yrði verkefnið fjármagnað með sölu kynjagleraunanna.

Leitað var á fund forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, borgarstjóra og formenn BSRB og ASÍ voru heimsóttir í upphafi árs. Móttökur voru misjafnar. Ráðherrar kveiktu strax á mikilvægi málsins og hétu liðsinni. Ríkisstjórnin styrkti verkefnið um 8 milljónir og að auki veitti Utanríkisráðuneytið 800.000 kr. styrk. Forsætisráðherra keypti sett af kynjagleraunum handa allri ríkisstjórninni á eina milljón króna. Reykjavíkurborg styrkti verkefnið um 2 milljónir. Samtök atvinnulífsins voru beðin um stuðning og sendu strax daginn eftir 300.000 kr. framlag. Ýmsir fleiri lögðu lið og ber sérstaklega að þakka framlag úr Hlaðvarpasjóði upp á 1.5 milljónir.

Verkalyðsforingjarnir fundu málinu hins vegar margt til foráttu. Fjárhagsáætlun væri allt of há og félögin „færu ekki að opna sjóði sína í svona verkefni“, erfitt væri að sjá tengsl ofbeldis og launamunar, verkalyðsforystan gæti ekki og myndi ekki í þetta sinn, frekar en árið 2005, hvatt konur til þess að fara í ólögleg verkföll. Það væru ótal önnur mál sem þyrfti að sinna. Skottur hefðu gengið framhjá verkalyðsfélögunum í undirbúningi. Réttast væri að kvennahreyfingin einbeitti sér að ráðstefnuhaldi. Verkalyðsforystan gæti skipulagt dagskrá kvennafrídagsins sem hlyti þá að verða án verkfalla. Samtímis var margítrekað að þau vildu styðja málið á einhvern hátt.

Skottur vildu ekki trúá öðru en að verkalyðshreyfingin myndi skynja sinn vitjunartíma og leggja lið, en biðin eftir svörum varð ansi löng. Að lokum var foringjunum sent bréf undirritað af framkvæmdastjórninni. Bent var á að aðgerðirnar væru hugsaðar þannig að verkalyðshreyfing gæti á eigin forsendum tekið eins mikinn þátt og hún vildi. Langflestar borguðu konurnar í grasrótinni mánaðarlega nokkur þúsund krónur til verkalyðsfélaga til þess að hagsmuna þeirra væri gætt. Það væru klárir hagsmunir kvenna að kynbundnum launamun yrði eytt og ekki síður að þær ættu ekki á hættu að verða fyrir kynferðisofbeldi. Konur hefðu enn aðeins 65.65% af heildaratvinnutekjum karla þrátt fyrir verkalyðshreyfinguna. Ef öll launþegasamtökin greiddu samanlagt tíu milljónir í verkefnið væri það ekki mikið á hvert félag. Það myndi samsvara 200 króna eingreiðslu á hverja konu ef væntingar okkar um

50.000 kvenna þátttöku stæðust. Við leyfðum okkur að fullyrða að slík fjárútlát launþegasamtakanna væru í samræmi við óskir þorra kvenna.

Formenn ASÍ, BSRB, KÍ, BHM og fleiri verkalýðsforingjar boðuðu í framhaldinu fulltrúa Skottanna á sinn fund með dags fyrirvara. Mikill þungi var í mönnum og Skottum var afhent þungyrft bréf þar sem öllum fjárstuðningi var hafnað og forystan lýsti miklum vonbrigðum með Skotturnar. Formaður ASÍ ítrekaði að verkalýðsfélögin myndu ekki styðja ólöglegar aðgerðir okkar og enginn mótmælti.

Síðar hafði fulltrúi jafnréttisnefnda samband og sagði að mikill áhugi væri fyrir því að taka þátt í undirbúningi og styðja verkefnið. En biðin varð löng eftir því að heyra í hverju stuðningurinn átti að felast og uppástungur Skotta um að taka t.d. þátt í landssöfnuninni hentuðu ekki.

Örfáum dögum fyrir kvennaverkfall styrkti VR aðgerðirnar um 500.000 krónur og önnur sameinuð launþegasamtök um 1.5 milljónir. Tveimur dögum fyrir stóra daginn voru líka birtar auglýsingar sem lesa mátti sem stuðning.

Þessi samskipti öll vöktu hjá kvennahreyfingunni áhyggjur um viðhorf innan launþegasamtaka. Vangaveltur voru um það hvort svo gæti verið að lífsseigur launamunur kynjanna í jafnréttisríkinu Íslandi stafaði m.a. af andvaraleysi þeirra sem væru í hvað bestri aðstöðu til þess að eyða honum. Ef launajafnrétti á að nást á Íslandi þurfa að eiga sér stað verulegar viðhorfsbreytingar og áherslubreytingar hjá launþegasamtökunum.

Upphitun fyrir kvennaverkfall - kynningarmál

Mikil vinna var lögð í að kynna verkefnið sem allra best. Haldinn var kynningarfundur fyrir hvers kyns mannréttindasamtök, verkalýðsfélög og stofnanir og fólk hvatt til þess að taka þátt. Möguleikarnir væru ótakmarkaðir. Ferðast var um landið á Ísafjörð, á Akureyri og á Egilsstaði til þess að kynna Skotturnar og hvetja konur til þátttöku. Haldinn var kynningarfundur í Jafnréttisráði, hjá RIKK - Rannsóknarstofu í kvenna og kynjafræðum. Það voru haldnir vinnustaðafundir t.d. á Landspítalanum og á fleiri stöðum. Öpnuð var heimasíðan www.kvennafri.is og jafnframt var facebook notað grímt í kynningarstarfinu.

Þann 19. júní var samkoma í Ráðhúsinu þar sem verkefnið var rækilega kynnt ásamt því að niðurstöður hönnunarsamkeppninnar um merki voru kynntar. Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti tók að sér að vera verndari Kvennafrídagsins 2010 og flutti hvatningarávarp. Öll tækifæri voru notuð til þess að koma málinu að í fjölmiðlum.

KVENNAFRÍ
25. OKTÓBER 2010 
KLUKKAN 14:25

Framleiddir voru 2000 límmiðar í afturrúður bíla til þess að minna á kvennafrídaginn og kláruðust þeir allir. Fjöldi kvenna setti sams konar borða undir undirskrift sína í tölvupóstum.

Á menningarnótt var birt heilsíðuauglýsing og Skotturnar kynntar í tjaldi á Austurvelli. Dagskráin átti að standa frá kl. 13 – 22. Fjöldi listakvenna tróð upp og gifurlegur áhugi var í loftinu.

Litróf íslenskra kvenna var eitt af þeim skemmtilegu verkefnum sem spruttu upp í undirbúningsferlinu. Á menningarnótt var óskað eftir því að konur legðu til snyrtivörur sem þær væru hættar að nota. Yfir 100 kíló af varalítum, naglalökkum, augnskuggum og öðru málingardóti safnaðist. Listakonur fengu svo afnot af málingardótinu og nokkur afbragðs listaverk voru gerð með litunum sem síðar á að bjóða upp,

Á Kjarvalsstöðum, í Slippnum og í Guðríðarkirkju voru daglegar menningaruppákomur frá 9. -25. október. Um 40 listakonur tóku þátt.

Einleikurinn „Þá mun enginn skuggi verða til“ eftir okkar eigin Björgu G. Gísladóttur og Kolbrúnu Ernu var sýndur í Guðríðarkirkju að kvöldi kvennafríðagsins. Þar sem hann á að gerast í kirkju var upplifunin sérlega áhrifamikil.

Til þess að tryggja umfjöllun fjölmiðla var margt gert. Það var fundað með Sigrúnu Stefánsdóttur dagskrárstjóra, haft samband við Kastljós og ýmislegt fleira. Afrakstur fundarins með Sigrúnu var m.a. sá að Edda Jónsdóttir var fengin til þess að gera 4 vandaða útvarpsþætti um kynbundið ofbeldi til þess að fræða og upplýsa. Eitt af því fáa sem olli vonbrigðum var það að RÚV sagði frá kvennaveikfallinu sem frétt nr. 2 á eftir annarri sem engin man hver var og Kastljósið sagði frá deginum í einu af þremur innsögum þann daginn.

Lokahnykkurinn í kynningarstarfinu var 8 síðna sérblað sem dreift var með Fréttablaðinu þann 23. okt. Í blaðinu var sagt rækilega frá dagskránni á nokkrum stöðum, frá alþjóðlegu ráðstefnunni og málefnum. Auk þess voru margar heilsíðuauglýsingar sendar í blöðin, um menningardagskrá, um landssöfnunina. Sumar kostaðar af Skottum, en fleiri sýndu stuðning eins og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráð, Jafnréttisstofa og RIKK og ýmsir fleiri.



Litróf íslenskra kvenna á eldhúsbörðinu á Stígó!

Landssöfnun Skottanna – sala á kynjagleraugunum



Í samvinnu við Hönnunarmiðstöð var efnt til verðlaunasamkeppni um merki sem selja mætti í landssöfnun til þess að fjármagna bætt úrræði fyrir konur sem beittar hefðu verið ofbeldi. Sigurvegarar hönnunarsamkeppninar voru þær Hrafnhildur A. Jónsdóttir og Tinna Brá Baldvinsdóttir frá Akureyri, en

þær hönnuðu hin bráðnauðsynlegu kynjagleraugu. Baráttuglaðar Skottur seldu rúmlega 10.000 gleraugu helgina 15. – 16. október.

Ríkisstjórnin sýndi ánægjulegan skilning á verkefninu og þau Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra og Stefán Eiríksson lögreglustjóri mættu á Stígamót og keyptu fyrstu merkin. Forsætisráðherra keypti sett handa allri ríkisstjórninni fyrir eina milljón króna og skoraði á ráðherra að nota kynjagleraugun daglega. Þegar dómsmálaráðherra setti upp gleraugun sín sagðist hann strax sjá að það þyrfti að endurskoða fjárlagafrumvarpið. Það ánægjulega er að það var gert!

Á stjórnarfundum Skotta var það einróma ákveðið að ágóðanum yrði skipt á milli Aflsins á Akureyri, Sólstaða á Ísafirði og svo Stígamóta í Reykjavík. Í hlut Stígamóta munu koma um 9 milljónir króna. Það fé verður notað í tvennt. Annars vegar til þess að endurvekja verkefnið Stígamót á staðinn og hins vegar til þess að bæta þjónustu við konur í vandi með opnun athvarfs fyrir þær.

Alþjóðlega ráðstefnan ”Women strike back” í Háskólabíói 24. Okt.

Þar sem dag Sameinuðu þjóðanna 24. okt. bar upp á sunnudag sem getur ekki verið verkfallsdagur, var ákveðið að bjóða til alþjóðlegrar ráðstefnu og gefa þannig alþjóðlegu kvennahreyfingunni kost á að taka þátt í kvennaverkfallinu á Íslandi. Það var ekki síður mikilvægt að uppfærða Íslendinga um það mikilvægasta sem er að gerast í heiminum á þessu sviði. Um 400 – 500 gestir sóttu ráðstefnuna, þar af voru norrænu kvennaathvarfskonurnar um 230.

Dagskráin skyldi verða eins glæsileg og framast var unnt. Konum frá öllum heimsálfum nema Ástralíu var boðið að flytja erindi og þær voru vandlega valdar og þáðu allar boðið. Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í ofbeldismálum Rashida Manjoo sem er hæst setta kona í heiminum í málaflöknum, hélt opunarerindi og frú Vigdís Finnbogadóttir opnaði ráðstefnuna. Það gerist ekki oft að dómsmálaráðherrar þekkist boð grasrótarsamtaka um að flytja ræður utan heimalandsins, en Knut Storberget dómsmálaráðherra Noregs þáði boð um að koma til Íslands. Ástæðan fyrir því að leitað var til hans var sú að hann er einn af hinum valdamiklu leiðtogum sem Ban Ki Moon aðalritari SP fékk til þess að mynda samtökin „We must unite“. Ásamt honum eru í hópnum Desmond Tutu, forsætisráðherra Spánar og 13 aðrir karlar. Karlarnir hafa skuldbundið sig til þess að forgangsraða þannig í störfum sínum að baráttan gegn kynferðisofbeldi verði sett í forgang. Storberget kom til þess að segja frá því hvernig hann ætlaði að breyta orðum í athafnir.

En það voru ekki bara erlendir gestir sem töluðu á ráðstefnunni, ungar stelpur 11-16 ára komu fram á milli fyrirlestrana og deildu með ráðstefnugestum hugsunum sínum um ofbeldi. Fyrirlestrar ráðstefnunnar eru inni á www.stigamot.is Eftir ráðstefnuna bauð forseti Íslands fyrirlesurum og fulltrúum félagasamtakanna til móttöku á Bessastöðum.

Heimsókn Rashidu Manjoo nýttist eins vel

Heimsókn Rashidu Manjoo nýttist eins vel og kostur var. Hún flutti upphafs-ræðuna á Kvennafrídaginn og hún flutti erindi á alþjóðlegu ráðstefnunni.

En að auki þáði hún boð um lokaðan fund með fulltrúum íslenskra og erlendra kvennasamtaka. Fundurinn var vel sóttur og gaf konum einstakt tækifæri til þess að koma á f ramfæri sínum hjartans málum við þessa áhrifamiklu konu.

Auk þess bauð forseti Íslands til móttöku á Bessastöðum fyrir fyrirlesara og fulltrúa íslenskra og erlendra kvennasamtaka á Bessastöðum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Forseti Ísland og Rashida Manjoo

JÁ!

– ég þori, get og vil

KVENNAFRÍ
25. OKTÓBER²⁰¹⁰
KLUKKAN 14:25



Kvennafrídagurinn 25. október



Birt með leyfi frá fyrirtækinu Sterk

Þegar langþráður dagurinn rann upp, var spáð stormi í Reykjavík. Spenningurinn var gífurlegur og Skottur auglýstu í útvarpinu, „Við gefumst ekki upp þó móti blási“ „Með storminn í fangið“ „Vel klædd er konan ánægð“ „Við látum ekkert stoppa okkur“ o.s.frv.

Listanefnd Skottanna hafði skipulagt uppákomur á hverju götuhorni frá Hallgrímskirkju og niður að Arnarhóli. Konur sungu og dönsuðu, föðmuðu og lásu ljóð. Prinsessa sveiflaði sér í kaðli ofan úr háhýsi og hrópaði til kvenna að ef prinsinn kæmi, vildi hún ekki sjá að hann bjargaði sér. Stemningunni verður varla með orðum lýst þegar konur streymdu í stórum og smáum hópum í bæinn. Margar höfðu þrjónað sér fallegar skotthúfur og baráttugleði skein úr hverju andliti. Þátttakan var örugglega minni en ella vegna stormsins, en 50.000 konur gengu út af vinnustöðum sínum kl. 14.25 og skunduðu á torgið! Minnt var á að það sama ætti sér stað um allt land. Konur gætu með góðri samvisku tekið sér fri kl. 14.25 hvern einasta vinnudag, því eftir það vinna þær sjálfboðavinnu miðað við að launajafnrétti eigi að ríkja í landinu.

Stormurinn var slíkur að sviðið lék á reiðiskjálfi á meðan á dagskrá stóð, hátalarar og minnisblöð svifu um loftið og það var illstætt þegar verst lét. En veðrið magnaði bara upp kraftinn í konum. Dagskráin var frábær og ótrúlegt að konur skyldu halda út að hlusta á hana alla, þó þær væru kalnar á tánun.

Rauði þráðurinn í lífi margra kvenna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi er skömm og sektarkennd. Þrjónaður hafði verið rauður þráður sem náði á milli Héraðsdóms og Hæstaréttar. Bent var á að konur hefðu leitað hjálpar vegna 270 nauðgana árið 2009 en dómarnir hefðu verið 7! Rauða þræðinum var lyft upp í dagsljósið til þess að minna á að það er dómskerfisins að varpa sektarkenndinni og skömminni þangað sem hún á heima.

Einn skugga bar á annars fullkominn dag. Exton sem sá um tæknivinnuna á sviðinu hafði tekið að sér skýrt og skilmerkilega að taka upp alla dagskrána á torginu. Í ljós kom að þeir gerðu það ekki og er um óbætanlegan skaða að ræða. Ríkisútvarp allra landsmanna sagði frá þessum ótrúlega fundi sem frétt nr. 2 og aðrir fjölmiðlar skynjuðu heldur ekki hversu stundin var stór. Ríkissjónvarpið á 3 mínútna upptöku frá deginum.

En það sem uppúr stendur er að konur eru alveg klárar á því að launamisrétti og kynbundið ofbeldi er óþolandi og vita að þegar við rífum niður allar þær hindranir sem skilja okkur að, erum við ósigrandi.

Alþjóðastarf

Fundir og samstarf við erlendar lykilpersónur

Bandaríska sendiráðið hefur samband við Stígamót á hverju ári vegna upplýsinga um ofbeldismál. Boðið var til fjarfundar í Odda með sendiherra Bandaríkjanna í mansalsmálum. Jafnframt heimsótti Aime Rosman frá mansalsteymi bandaríska utanríkisráðuneytisins Stígamót.

Utanríkisráðuneytið bauð félagasamtökum að hitta Navanethem Pillay, mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna þegar hún var á landinu þann 16. júní. Stígamótafulltrúinn hafði reyndar hitt Pillay áður á fundi með Equality Now! í Nepal fyrir nokkrum árum, áður en hún tók að sér þetta háa embætti. Eftir fundinn sagði Pillay í viðtali í fjölmiðlum að ofbeldi gegn konum væri alvarlegasti bresturinn á íslenska velferðarsamfélaginu.

En Stígamót og Skottarnar eiga fleiri velunnara á meðal erlends áhrifafólks. Knut Storberget dómsmálaráðherra Noregs og meðlimur í karlleiddtogahópi Ban Ki -Moons "We must unite" þáði boð um að tala á alþjóðlegu ráðstefnunni sem Skottarnar héldu þann 24. okt.

Eva Britt Svenson formaður jafnréttisnefndar á Evrópuþinginu kom til Íslands með fleiri þingkonum og óskaði eftir að kynna sér jafnréttismál á Íslandi. Hópurinn fékk erindi bæði frá Stígamótum og Skottum, bæði flutt af talskonu Stígamóta. Hópurinn lét í ljós ánægju með íslenska kvennasamtöðu og kvennakraft.

Síðast en síst má nefna að Rashida Manjoo Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í málum kynbundins ofbeldis var heiðursgestur alþjóðlegu ráðstefnunnar þann 24. okt.. Manjoo samþykkti líka að hitta fulltrúa íslenskra og erlendra kvennasamtaka á lokuðum fundi sem haldinn var þann 25. okt. að morgni Kvennafrídagsins.

Ofbeldisvöktun í European Women's Lobby (EWL)

Í mörg ár hefur verið frjótt samstarf á milli Stígamóta og European Women's Lobby sem eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfinga innan Evrópusambandsins. Má nefna að EWL héldu utan um samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansalsmál og áttu mikinn þátt í að ENATW verkefnið komst á. Í báðum þessum verkefnum skipti starf Stígamóta miklu máli. Á vegum EWL er starfandi European Policy Action Centre on Violence Against Women. Í hópnum eru 30 sérfræðingar frá jafnmörgum Evrópulöndum og fyrir hönd Stígamóta hefur Guðrún Jónsdóttir tekið sæti í nefndinni.

Markmið þessa sérfræðingahóps er:

- Að fylgjast með þróuninni innan málaflokksins
- Bæta þjónustu, fyrirbyggjandi aðgerðir og varnir fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu karla
- Vera tengiliður ólíkra hópa sem vinna gegn ofbeldi
- Vitundarvakning og að halda til haga umfangi ofbeldis
- Að hafa vakandi auga með staðbundinni, svæðisbundinni, þjóðfélagslegri og Evrópskri þróun innan málaflokksins. Benda bæði á framfarir og mögulegt bakslag og halda til haga tölfræði og öðrum gögnum.
- Að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi, Evrópuvettvangi og í eigin landi að umburðarlyndi fyrir ofbeldi verði ekkert.

Á ofbeldisvaktinni fór Guðrún á tvo fundi. Annars vegar í Madrid þar sem farið var yfir það sem efst er á baugi í málaflokknum í Evrópu og farið var yfir stöðuna í hverju landi fyrir sig. Búinn hefur verið til mælikvarði á stöðu mála eins konar ofbeldisbarómeter og þegar staðan á Íslandi er borin saman við stöðuna í öðrum Evrópuríkjum er hún nokkuð góð, en betur má ef duga skal.

Í beinu framhaldi af fundinum var Guðrúnu boðið að taka þátt í aðalfundi EWLum leið og Stígamótum var boðið að sækja um beina aðild, þrátt fyrir að vera ekki hluti af Evrópusambandinu.

Dagana 1.-4. des. stóð Ofbeldisvaktin fyrir undirbúningsfundi vegna átaks gegn vændi sem ráðast á í árið 2011. Óskað var eftir erindi frá Stígamótum um Íslensku leiðina sem felst í því annars vegar að á Íslandi er bannað að kaupa konur í vændi og hins vegar eru nektarklúbbarirnir bannaðir líka á sömu forsendum.

Alþjóðasamtök kvennaathvarfa og kvennanefndarfundur SP

Dagana 23.2.-3.3. sótti talskona Stígamóta stjórnarfund hjá Alþjóðasamtökum kvennaathvarfa í New York, en hún er ein af 17 konum sem skipar stjórn samtakanna. Fundurinn var haldinn fyrir kvennanefndarfund SP svo að konum gæfist tækifæri til þess að sækja báða fundina. Guðrúnu var jafnframt boðið að eiga sæti í íslensku sendinefndinni sem gefur möguleika á að sækja alla fundi á vegum kvennanefndarinnar. Hjá Alþjóðasamtökunum var lögð áhersla á hugmyndafræðivinnu, vinnuaðferðir og ýmislegt fleira, enda um glæný samtök að ræða. Samtökin stóðu svo fyrir hliðarviðburði í tengslum við kvennanefndarfundinn. Nokkrar konur fluttu erindi og þar á meðal Stígamótafulltrúinn.

En New York verður einn alsherjar suðupottur feminisma þá viku sem kvennanefndin fundar til þess að fylgja eftir Peking áætluninni frá 1995. Kvennasamtök leggja undir sig Church Center – byggingu við hlið Sameinuðu þjóða byggingarinnar. Heimurinn smækkar og einstakt tækifæri gefst til þess að setja puttann á alþjóðapúlsinn.

Stígamótafulltrúinn drollaði ekki mikið dagana í New York. AMANITARE sexual right network in Africa stóðu að dagskrá þar sem Rashida Manjoo Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í ofbeldismálum var heiðursgestur, en fjórar aðrar konur fluttu líka erindi og ein af þeim var Stígamótakerlan. dr. Lesley Ann Foster er forseti samtakanna, en hún rekur líka Masemanyane systursamtök Stígamóta í Suður Afríku. Masemanyane höfðu árið áður boðið Stígamótum að taka þátt í lokuðum fundi með Umboðskonunni svo hér voru komin kær og góð tengsl.

Hvernig eyða má eftirspurn eftir vændi í Bandaríkjunum

Swanee Hunt sem verið hefur sendiherra Bandaríkjanna í Austurríki kynntist í störfum sínum bæði mansali og vændi og er mjög áhugasöm um það hvernig binda megir enda á þessar birtingarmyndir ofbeldis. Hún er auðug kona og formaður the Hunt Alternative fund. Einkunarorð hennar koma frá E. Roosevelt og hljóða þannig; „Þú verður að gera það sem þú getur ekki“.

Eftir að lögin um lokun nektarstaðanna voru samþykkt barst talskonu Stígamóta bréf frá Hunt þar sem hún var boðin til Boston dagana 7.-11. maí til þess að segja frá Íslensku leiðinni í baráttunni við eftirspurnina. Hunt hafði boðið fjölda fólks til fundar við sig til þess að leggja á ráðin, m.a. nokkrum konum sem komist höfðu út úr vændi. Ræddar voru alls kyns mögulegar og ómögulegar hugmyndir. Hunt skuldbatt sig til þess að halda vinnunni áfram og kosin var nefnd bandaríkjamanna til þess að fylgja hugmyndunum eftir.

Vestnorrænt samstarf í jafnréttismálum

Þórunn Þórarinsdóttir fór fyrir hönd Stígamóta til Ilulissat á Vesturströnd Grænlands dagana 31. ág. – 4. sept. Þórunn sagði frá starfi Stígamóta með sérstakri áherslu á verkefnið Stígamót á staðinn. Leið sem vakti mikla athygli í hinu strjálbýla og torfæra Grænlandi. Erindi Þórunnar vakti m.a. athygli fjölmiðla og fór hún í viðtöl við bæði sjónvarp og útvarp.

Úrræði fyrir konur í vændi skoðuð í Danmörku

Eins og annars staðar hefur verið sagt frá, lögðu Stígamót mikla vinnu í að undirbúa stofnun athvarfs fyrir vændiskonur á árinu. Bæði með þjálfun og fjáröflun. Jafnframt var ákveðið að fara af stað með svokallaða Svanahópa sem eru sjálfshjálparhópar fyrir konur sem brotist hafa úr vændi. Liður í undirbúningnum var að þjálfa starfsfólkið í að takast á við ný verkefni. Dorit Otzen sem í áratugi hefur staðið fyrir hvers kyns þjónustu og umönnun á konum í vændi í Danmörku, tók að sér að skipuleggja námsferðina. Dagskráin var þéttskipuð í heila viku og Stígamótakonur fylltust innblæstri og krafti og hófu þegar að skipuleggja vinnuna á Íslandi.



Anna Þóra sálfræðingur hjá Stígamótum t.v. í námsferð í Danmörku, ásamt dönskum kollega

Söfnun samræmdra upplýsinga um ofbeldi á heimsvísu

Einn af ávöxtunum af því að alþjóðlega kvennaathvarfahreyfingin hefur nú sameinast er að nú er verið að leitast við að safna tölfræðiupplýsingum um ofbeldi á heimsvísu. Jan Reimer frumkvöðullinn að stofnun samtakanna hefur staðið fyrir upplýsingasöfnuninni. Í hverju þáttökulandi hafa kvennasamtökin safnað tölfræðiupplýsingum einn dag á ári. Kannað er hversu margar konur hafa leitað hjálpar, hversu margar fá ekki hjálp, hversu margar eru barnshafandi o.s.frv. Á Íslandi safnaði Anna Þóra þessum upplýsingum frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Aflinu og Sólstöfum þann 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi.

Bók með sögum kvenna í vændi úr ýmsum heimshornum

Karen Linda starfskona Stígamóta hélt utanum mikilvægt verkefni í byrjun árs þegar hún hafði samband við þrjár íslenskar konur sem verið hafa í vændi og sem hafa leitað hjálpar hjá Stígamótum. Konurnar sýndu það hugrekki og þor að deila sögum sínum og Karen Linda þýddi sögurnar á ensku. Sögurnar munu verða hluti af safni sagna frá ýmsum löndum sem gefið geta hugmyndir um líf kvenna í vændi.

Mansal og heilsa í Lettlandi

Margrét Steinarsdóttir tók á síðasta ári þátt í að undirbúa ráðstefnu um mansal og heilsu í Riga í Lettlandi. Verkefnið var samstarfsverkefni Marta samtakanna í Lettlandi, Norræna lýðheilsuskólans og Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðstefnan var svo haldin dagana 19. – 22.sept. í Riga. Margrét og Guðrún Jóns sóttu svo ráðstefnuna, stýrðu vinnuhópum og sátu í panel.

Það er áhugavert að tengja saman mansal og heilsu. En alltaf er stutt í tvískinnung þegar efnið ber á góma. Þegar umhyggja fyrir heilsu kvenna í vændi „hinna föllnu“ er annars vegar er oft undirliggjandi áhyggjur af „heiðvirðu konunum“ og körlum sem auðvitað eiga á hættu að smitast þegar karlar kaupa vændi.

Tuttugu ára afmæli Kvennahússins í Zagreb í Króatíu

Síðasta en ekki leiðinlegasta verkefni ársins í alþjóðastarfinu var boð til Zagreb til þess að flyta erindi á afmælisráðstefnu sem haldin var í tilefni af 20 ára afmæli Autonomen Frauenhaus í Zagreb. Stígamótakonun flutti erindið „Vöxtur, völd og gleði“. Það var sterk upplifun að hitta þær hugrökku konur sem stofnuðu athvarf og ráðgjöf fyrir konur þvert á uppruna í miðju stríði. Hvernig þær höfðu lagt undir sig yfirgefin hús og hvað eftir annað lagt sig í lífshættu til þess að styðja hver aðra.

Aðild Stígamóta að regnhlífur og alþjóðasamtökum

- *Norrænar konur gegn ofbeldi* sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
 - *Equality Now!*
 - *ENATW –European network against Trafficking in Women*, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er www.aretusa.net
 - *WAVE* - women against violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
 - *Coalition Against Trafficking in Women* sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar catw-l@list.web.net
-
- *European's Womens Lobby*, sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Against Women <http://www.epacvaw.org/>
 - *Global network of women's shelters*: Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfanna í heiminum
 - *Skotturnar* Regnhlífarsamtök 23 kvennasamtaka www.kvennafri.is



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 21 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2010 leituðu 526 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 251 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 55 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 24 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2010 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 21 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 5.653 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 7.969* en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

*Í síðustu ársskýrslu var heildarfjöldi ofbeldismanna talinn vera 401 en rétt tala er 391.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2010 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á sex síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2010

Ný mál – brotþolar komu sjálfir	251
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	24
Heildarfjöldi ofbeldismanna *	394
Fjöldi nýrra aðstandenda	55
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	526
Heildarfjöldi viðtala	1803

Þessi tafla er sett fram með sama hætti og árin 2008 og 2009. Fram að þeim tíma voru upplýsingar um ný mál frá aðstandendum færð inn á sams konar spurningalista og ný mál frá brotþolum sjálfum.

*Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 394, bæði ný mál og upplýsingar um mál frá aðstandendum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 394 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 370 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn. Þess ber að geta að 8 brotþolar gáfu ekki upplýsingar um ofbeldismenn ýmist vegna þess að þeir vildu ekki merkja við ofbeldismenn eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vándis- og mansals-málum.

Mikilvægt er að hafa þessar skýringar í huga við lestur allra niðurstaðna og túlkun þeirra. Það kemur fram í töflum, myndum eða texta út frá hvaða hópi niðurstöður eru reiknaðar og settar fram.

Þegar ný mál, bæði frá brotþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 275 sem er 44 málum fleiri en á síðasta ári, sem er 19% aukning. Ofbeldismenn eru álíka margir og árið

2009, en þá voru þeir 391 en 2010 eru þeir 394. Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl lækkar um 2,4% milli ára 2009 og 2010. Heildarfjöldi viðtala er einnig minni árið 2010 en árið 2009 sem nemur 6,7%. Þessi minnkun á fjölda viðtala og heildarfjölda einstaklinga gæti verið tilkomin vegna þess að árið 2009 voru starfskonur Stígmóta 5 en árið 2010 voru þær 4.

Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslu síðasta árs eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar túlkun breytist við nýja aðferð er þess getið í texta.

Tafla 2. Skipting einstaklinganna eftir kyni


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	24	9,6%
Kona	226	90,0%
Uppl. vantar	1	0,4%
Alls	251	100%

Tafla 2 sýnir fjölda og hlutfall þeirra einstaklinga sem komu til Stígamóta árið 2010 skipt eftir kyni. Eins og árið 2009 leituðu mun fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2010.

Tafla 3. Þjóðerni brotþola


	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	229	91,2%
Blandað þjóðerni	2	0,8%
Frá öðrum löndum	12	4,8%
Uppl. vantar	8	3,2%
Alls	251	100%

Eins og sést í töflu 3 voru flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2010 íslenskir eða um 91%.



Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi

Myndin sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 21 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Frá árinu 2004 til 2007 var hægur stígandi í fjölda einstaklinga. En milli árana 2008 og 2009 var fækkun. Árið 2010 fjölgaði aftur nýjum málum.



Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2010

Þessi mynd er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert.

Tafla 4. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2010

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	93	18,6%
Grunur um sifjaspell	3	0,6%
Nauðgun	108	21,6%
Grunur um nauðgun	12	2,4%
Nauðgunartilraun	15	3,0%
Klám	13	2,6%
Vændi	13	2,6%
Kynferðisleg áreitni	79	15,8%
Andlegt ofbeldi	75	15,0%
Líkamlegt ofbeldi	48	9,6%
Ofsóknir ofbeldismanns	23	4,6%
Annað	12	2,4%
Ekki viss	5	1,0%
Alls	499	100%


Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (251).

Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa verið beittur ofbeldi en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en geti ekki munað hvað gerðist.

Þegar um grun um nauðgun er að ræða, er t.d. um að ræða þegar stúlka vaknar á ókunnnum stað og hefur enga minningu um hvernig hún endaði þar og vaknar upp við hlið ókunnugs manns.

Samsvarandi töflur og þessi er að finna í ársskýrslum árána 2008 og 2009. Árið 2008 voru

gerðar nokkrar breytingar á töflunni frá fyrri árum þar sem flokkum fyrir ástæður þess að leitað var til Stígamóta var fjölgað í spurningalistanum fyrir árið 2008. Flokkar sem bættust við árið 2008 eru; ofsóknir ofbeldismanns, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, annað og ekki viss. Athygli vekur hve margir notendur leita til Stígamóta vegna andlegs ofbeldis, sem stundum er hluti af kynferðisofbeldinu og stundum aðskilið, þ.e. að um annan ofbeldismann er að ræða. Þá eru einnig margir sem leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni.




Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta

Um klám og vændi

Konur hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnunum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konum hótað að þeim verði dreift. Þá voru 12 konur og 1 karl sem leituðu til Stígamóta árið 2010 vegna kláms og fækkaði þeim því úr 16 í 13 milli ára.

Árið 2010 leituðu 13 konur til Stígamóta vegna vændis og fjölgaði þessum málum úr 5 í 13 á milli ára. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.



Mynd 4. Samanburður milli ára

Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Mikilvægt er að hafa í huga að frá árinu 2008 voru fleiri flokkar en sýndir eru á þessari mynd og skýrir það að stórum hluta hvers vegna hlutfallið í hverjum sýndum flokki er lægra þá en árin á undan.

Tafla 5 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2010


5a) Leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	10	4,0%
18 - 29 ára	137	54,6%
30 - 39 ára	46	18,3%
40 - 49 ára	28	11,2%
50 - 59 ára	17	6,8%
60 ára og eldri	3	1,2%
Uppl. vantar	10	4,0%
Alls	251	100%

5b) Framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	17	6,8%
5 - 10 ára	71	28,3%
11 - 17 ára	70	27,9%
18 - 29 ára	66	26,3%
30 - 39 ára	3	1,2%
40 - 49 ára	1	0,4%
Ekki viss	6	2,4%
Merkt við fleiri en eitt atriði	3	1,2%
Upplýsingar vantar	14	5,6%
Alls	251	100%

Tafla 5a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 5b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir sem nýttu sér þjónustu Stígamóta voru á aldrinum 18-39 ára en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-17 ára, og eru þetta samskonar niðurstöður og fengust fyrir árið 2009.




Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2010


Mynd 5 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2010. Tekið skal fram að 10 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður komu fram í tölum Stígamóta árið 2009. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímunn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotaþola úr komuskýrslum (251 skýrsla).



Mynd 6. Hjúskaparstaða




Mynd 7a). Menntun




Mynd 7b). Atvinna

Myndir 7a og 7b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2010 sýna að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi. Í 9 tilfellum var merkt við fleiri en eitt atriði og því ekki hægt að setja þær upplýsingar í neinn ákveðin flokk. Árið 2010 voru fleiri einstaklingar án atvinnu en árið 2009 eða 30 (12%) árið 2010 og 12 (6%) árið 2009.



Mynd 8. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað

Tölurnar í mynd 8 miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Töluverð breyting varð á framsetningu þessarar myndar árið 2008 og árið 2009 bættist einn flokkur til viðbótar; Suðurnes. Samanlagður fjöldi í myndinni er meiri en 251 þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt sveitarfélag. Heildarfjöldi tilfella á þessari mynd er því 282. Hlutfallið í myndinni miðast við fjölda einstaklinga (251), en upplýsingar um í hvaða sveitafélagi ofbeldið átti sér stað vantaði hjá 15 einstaklingum (6%). Eins og sést á þessari mynd á kynferðisofbeldi sér ekki landfræðileg mörk.



Mynd 9. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2010

Á mynd 9 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta. Í kringum 83% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2010 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að geta komið í viðtöl. Þá er einnig boðið uppá símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á landsbyggðinni til að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði, en nú er ætlunin að fara aftur af stað með þetta verkefni árið 2011.

Tafla 6. Búseta; samanburður milli ára

	2006	2007	2008	2009	2010	
Reykjavík	47,0%	48,4%	45,3%	54,3%	56,6%	142
Kópavogur	10,5%	7,9%	13,1%	10,0%	10,4%	26
Hafnarfjörður	7,5%	10,1%	6,4%	6,7%	7,6%	19
Seltjarnarnes	0,8%	0,4%	0,0%	0,5%	0,8%	2
Garðabær	2,3%	3,2%	3,0%	5,2%	3,6%	9
Mosfellsbær	1,1%	2,5%	2,1%	1,0%	4,0%	10
Úti á landi	24,8%	23,8%	28,0%	21,4%	14,4%	36
Erlendis	3,8%	2,2%	2,1%	1,0%	1,6%	4
Uppl.vantar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%	3
Fjöldi	266	277	236	210	251	


Í töflu 6 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2006 til 2010 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára. Þó hækkaði hlutfall þeirra sem búa úti á landi um 4,2% milli 2007 og 2008 og eflaust má að stórum hluta til rekja það til þess að starfsemi Stígamóta jókst á landsbyggðinni með tilkomu verkefnisins, „Stígamót á staðinn“. Hlutfall þeirra sem búa úti á landi lækkaði svo aftur árið 2009 og svo enn meira árið 2010, en verkefnið var lagt niður um mitt árið 2009.

Um ofbeldisverkin

Tafla 7. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2006	2007	2008	2009	2010	
Eitt skipti	14,7%	9,9%	13,0%	20,9%	16,2%	16
Innan við 1 ár	16,0%	21,6%	20,6%	17,4%	17,2%	17
1-5 ár	56,0%	42,1%	35,9%	33,9%	39,4%	39
6 ár eða lengur	10,7%	14,0%	19,8%	12,2%	12,1%	12
Óvíst	2,7%	12,3%	14,1%	15,7%	15,2%	15
Alls fjöldi	150	171	139	115	99	

Tafla 7 hefur verið einfölduð til muna frá fyrri árum. Það kemur til af því að spurningalistum var breytt fyrir árið 2008 og var það gert til einföldunar.




Mynd 10. Samanburður milli ára

Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Mynd 10 lýsir samanburði á milli ára. Árin 2006 til 2007 standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða meira í kringum 70% tilfella, tæplega 56% árið 2008, um 46% árið 2009 og rúmlega 51% árið 2010.

Tafla 8. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana

	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	86	66,2%
Hópnauðgun	13	10,0%
Lyfjanauðgun	17	13,1%
Annað	6	4,6%
Ekki viss	8	6,2%
Alls	130	100%

Heildarfjöldi nauðgana í þessari töflu er 130 en ekki 108 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Með nauðgun og nauðgun – annað, er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni. Í fjórum tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í einu tilfelli voru ofbeldismennirnir 4. Í 6 tilfellum vantaði upplýsingar fjölda ofbeldismanna.



Mynd 11. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 11 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt í ofbeldinu. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (370), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá einum ofbeldismanni (0,3%). Í myndinni sést að í 23 % tilfella var hótunum beitt og er það aðeins lægra hlutfall en árið á undan. Líkamsmeiðingum var beitt í tæplega 19% tilfella sem er svipað hlutfall og árið 2009. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Tafla 9. Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutfall
Á sameiginlegu heimili	70	20,0%
Á heimili ofbeldismannsins	91	26,0%
Á heimil brotþola	51	14,6%
Í heimahúsi	38	10,9%
Á vinnustað	6	1,7%
Á eða við skemmtistað	10	2,9%
Á útihátíð	14	4,0%
Í tómstundum eða íþróttastarfi	2	0,6%
Á opinberri stofnun	9	2,6%
Utandyra	32	9,1%
Annað	23	6,6%
Ekki viss	4	1,1%
Alls	350	100%


Flokkarnir í þessari töflu voru endurskilgreindir í ársskýrslu 2008 og eru því sambærilegir milli árunna 2008, 2009 og 2010 en ekki við fyrri ár. Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismanns, samtals í rúmlega 60 % tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árið 2009.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á öðrum stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir (251) vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 10. Hverjum hefur brotþoli sagt frá?


	Fjöldi	Hlutfall
Engum sagt frá ofbeldinu	13	5,2%
Sagt maka frá ofbeldinu	102	40,6%
Sagt móður frá ofbeldinu	97	38,6%
Sagt föður frá ofbeldinu	47	18,7%
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	78	31,1%
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	158	62,9%
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	86	34,3%
Sagt öðrum frá ofbeldinu	13	5,2%
Óvist hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	2	0,8%

Tafla 10 sýnir hverjum brotþoli hefur sagt frá ofbeldinu þegar hann kemur til Stígamóta. Þessi tafla er breytt frá árinu 2008 að því leyti að hún sýndi áður yfirlit yfir hverjum brotþoli sagði frá ofbeldinu á meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk og því varhugavert að bera hana saman við fyrri ár að undanskildu árinu 2009. Hlutfallið í töflunni miðast við heildarfjölda einstaklinga (251), af þeim vantaði upplýsingar frá 9 eða (3,6%). Eins og sést í töflunni hafa flestir sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu, svipaðar niðurstöður komu fram í tölum ársins 2009.



Mynd 12. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 12 er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (251). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 14,3% (36) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Léleg sjálfsmynd, kvíði, depurð, skömm og svipmyndir eru algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Þessi mynd hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum og ber þar helst að nefna að reiðin hefur færst ofar á listanum. Helsta skýringin er að síðustu fimm ár hafa notendur sjálfir fyllt út spurningalistann og líkur á að upplýsingarnar gefi betri mynd af líðan þeirra en áður. Þó ber að ítreka að eftir sem áður eru skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd ofarlega á myndinni. Myndin sýnir svipaða niðurstöðu og sambærileg mynd í árskýrslu ársins 2009.




Mynd 13. Fíknir brotþola samkvæmt upplýsingum þeirra sjálfra

Eitt af því sem ákveðið var að setja nýtt inn í spurningalista notenda árið 2008, voru upplýsingar um það hvort og þá hvaða fíknir fólk glímir við. Þetta var gert vegna þess að eitt af því sem fólk talar um í sambandi við afleiðingar sínar eru fíknir af ýmsu tagi og var vonin að fá dýpri mynd og skilning á afleiðingum og líðan brotþola. Hlutfallið í mynd 13 miðast við heildarfjölda einstaklinga (251), af þeim vantaði upplýsingar frá 42 eða (16,7%). Í myndinni sést að tæplega helmingur einstaklinganna töldu sig ekki glíma við fíkn.

Tafla 11. Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	155	61,8%
Já	38	15,1%
Upplýsingar vantar	58	23,1%
Alls	251	100%



Mynd 14. Sjálfsvígstílaunir


Eins og tafla 11 og mynd 14 sýna höfðu 38 einstaklingar eða 15,1% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2010 gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga. Þetta er svipað hlutfall og árið 2009. Í rannsókn

Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tilraunir til sjálfsvígs og er það sambærilegt við tölur Stígamóta fyrir árið 2010.

Tafla 12. Samanburður á sjálfsvígstilraunum á milli ára

	2006	2007	2008	2009	2010
Já	18,8%	18,8%	24,6%	18,6%	15,1%
Nei	77,1%	75,1%	72,0%	70,5%	61,8%
Fjöldi*	255	263	228	187	193


*Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið hins vegar miðast við heildarfjölda einstaklinga.



Mynd 15. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið er til Stígamóta árið 2010?

Mynd 15 hefur tekið breytingum frá fyrri árum. Fram til ársins 2008 höfðu verið settar fram upplýsingar um það hvert brotapolar höfðu leitað með sín persónulegu mál áður en þeir komu til Stígamóta en í raun gáfu þær upplýsingar ekki rétta mynd af því hvort ofbeldið hafði verið rætt við viðkomandi fagaðila. Árið 2008 voru svo bornar saman upplýsingar um það hvar aðstoðar hafði verið leitað annars vegar og hvar ofbeldið hafði verið rætt hins vegar. Í ljós kom að mun færri höfðu rætt ofbeldið við fagaðila en þeir sem höfðu leitað með persónuleg mál sín til fagaðila. Frá árinu 2009 hafa eingöngu verið settar fram upplýsingar um það hjá hvaða fagaðilum ofbeldið hefur verið rætt. Ástæðan fyrir þessum breytingum er að unnið hefur verið að því á undanförunum árum að einfalda þær komuskýrslur sem brotapolar fylla út í fyrsta viðtali og eitt af því sem var einfaldað voru þessar upplýsingar. Þessi mynd er því aðeins sambærileg við samskonar mynd frá árinu 2009 en ekki árin á undan.

Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er meiri en fjöldi einstaklinga (251) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda einstaklinga (251). Upplýsingar vantaði frá 22 eða (8,8%) af heildarfjölda einstaklinga. Athyglisvert er að sjá að 46% þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2010 höfðu ekki rætt ofbeldið við neinn fagaðila áður en þeir komu í Stígamót. Þessar niðurstöður eru svipaðar niðurstöðum árskýrslu ársins 2009.



Mynd 16. Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 16 kemur fram að 370 ofbeldismenn höfðu beitt 251 einstakling sem leitaði til Stígamóta árið 2010 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 13 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða og þá um aðskilin ofbeldisverk. Myndin sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (370). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 16,5% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2010 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og tæplega 30% ofbeldismannanna voru vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 13a/b) Samanburður milli ára frá árinu 2005

13a)

Sifjaspell	2006	2007	2008	2009	2010	
Faðir/stjúpfaðir*	14,6%	9,9%	20,8%	20,5%	23,1%	24
Móðir/stjúpmóðir	0,5%	0,6%	1,3%	1,6%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna*	13,0%	7,4%	5,8%	5,7%	2,9%	3
Bróðir	9,2%	14,8%	8,4%	18,9%	14,4%	15
Systir	0,5%	0,6%	0,6%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	16,2%	19,7%	25,3%	21,3%	25,0%	26
Afi	4,9%	8,0%	7,8%	3,3%	6,7%	7
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,0%	0,0%	0,6%	0,8%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	11,9%	13,0%	8,4%	10,7%	6,7%	7
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	7,3%	11,7%	3,2%	4,9%	2,9%	3
Vinur/kunningi	14,5%	8,6%	10,4%	7,4%	10,6%	11
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður**	1,8%	0,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	4,3%	1,9%	2,6%	2,5%	1,0%	1
Annar/önnur	1,6%	3,1%	3,9%	2,5%	6,7%	7
Fagaðili			0,6%	0,0%	0,0%	0
Óvíst	3,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	185	162	154	122	104	

*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

** Í flokknum frændi/frænka eru 2 frænkur og 37 frændur árið 2008, 4 frænkur og 22 frændur árið 2009, 24 frændur og 2 frænkur árið 2010 en ekki var hægt að sundurliða þær upplýsingar fyrir fyrri ár.

*** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

13b)

Nauðgun	2006	2007	2008	2009	2010	
Faðir/stjúpfaðir*	1,7%	0,0%	0,6%	1,9%	1,4%	2
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna*	4,4%	0,0%	0,6%	1,9%	0,0%	0
Bróðir/stjúpróðir**	0,6%	1,3%	0,0%	2,6%	0,0%	0
Systir/stjúpsystir***	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	4,4%	0,6%	0,6%	3,2%	0,7%	1
Afi	2,2%	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	12,7%	14,4%	12,1%	11,5%	16,4%	24
Fjölskylduvinur	3,9%	3,1%	3,8%	1,9%	2,7%	4
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	3,3%	0,6%	0,6%	0,6%	0,0%	0
Vinur/kunningi	34,4%	44,4%	49,7%	39,1%	43,8%	64
Vinnuveitandi/yfirmaður	2,8%	0,0%	0,0%	1,3%	0,7%	1
Samstarfsmaður	2,8%	1,3%	3,8%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	24,0%	31,3%	23,6%	29,5%	30,1%	44
Annar/önnur	1,1%	1,9%	3,8%	5,8%	3,4%	5
Fagaðili			0,0%	0,6%	0,7%	1
Óvist	1,1%	1,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	180	160	157	156	146	

*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

Í töflum 13a og 13b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir sífjaspellum og árum annars vegar og nauðgunum og árum hins vegar. Taflan um sífjaspell sýnir að feður/stjúpfeður, bræður og frændur eru líklegastir til þess að beita börn kynferðisofbeldi, miðað við árin 2009 og 2010. Taflan um nauðganir sýnir að þeir sem eru líklegastir til þess að nauðga eru vinir/kunningjar, ókunnugir og makar miðað við árin 2009 og 2010.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 13a og 13b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 4, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (251) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (370). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við „nauðgun“ sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 13a og 13b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 14. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	264	71,4%
Já	67	18,1%
Óvist	26	7,0%
Uppl. vantar	13	3,5%
Alls	370	100%

Tafla 14 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 18,1%. Þessar niðurstöður eru rétt lægri en niðurstöður árskýrslu frá árinu 2009 sýndu, en þar kom fram að 23% höfðu rætt ofbeldið við ofbeldismann.

Tafla 15.

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	14	22,6%
Hafnaði ofbeldinu	24	38,7%
Kenndi mér um ofbeldið	15	24,2%
Ekki viss	9	14,5%
Alls	62	100%

Tafla 15 sýnir að í rúmlega 62% tilfella þar sem brotþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.



Mynd 17. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?

Myndin hér að ofan á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (370) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 370 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 17 vantaði upplýsingar frá 31 (8,4%).

Tafla 16. Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	36,4%	45,5%
Gaf gjafir/mútaði	23,2%	3,0%
Kenndi mér um ofbeldið	9,1%	16,7%
Notaði hótanir	22,2%	18,9%
Beitti líkamlegu ofbeldi	3,0%	12,1%
Annað	3,0%	3,0%
Ekki viss	17,2%	22,7%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessum þætti er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að um 23,2% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotþolum en eingöngu 3,0% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sífjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola er 99 og þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir

gerðu til að tryggja þögn brotþola er 132. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Tafla 17. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	166	66,1%
2 ofbeldismenn	46	18,3%
3 ofbeldismenn	18	7,2%
4 ofbeldismenn	8	3,2%
5 ofbeldismenn	4	1,6%
6 ofbeldismenn	1	0,4%
Óvíst	8	3,2%
Alls	251	100%


Tafla 17 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotþola ofbeldi. Eins og sjá má eru þó nokkur tilfelli þar sem um tvo ofbeldismenn er að ræða eða í tæplega 18% tilfella og að í rúmlega 30% tilfella var um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þessar tölur eru svipaðar og tölur frá árinu 2009. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim niðurstöðum sem fram komu í árskýrslu ársins 2009.

Í töflu 17 kemur fram að það eru allt að 6 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 18. Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	288	77,8%
Já	42	11,4%
Óvíst	12	3,2%
Uppl. vantar	28	7,6%
Alls	370	100%



Mynd 18.

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2010 vitum við að 11,4% komust til opinberra aðila og er það svipaðar niðurstöður og þær sem fram komu á árskýrslu ársins 2009. Þessi tala hefur verið breytileg á undanförunum árum. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta eða alveg.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna og kynhneigð þeirra sem beittir eru ofbeldi. Árið 2008 voru sett ný atriði inn í spurningalista notenda Stígamóta í þeim tilgangi að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2010.

Tafla 19. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	120	32,4%
Já	98	26,5%
Stundum	38	10,3%
Óvist	99	26,8%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,5%
Uppl. vantar	13	3,5%
Alls	370	100%

Eins og sjá má í töflu 19 kemur fram að um 32% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og um 10% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotþola ofbeldi oftast en einu sinni).

Tafla 20. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	62	59,6%	27	18,8%
Já	10	9,6%	60	41,7%
Stundum	12	11,5%	15	10,4%
Óvist	18	17,3%	41	28,5%
Uppl. Vantar	2	1,9%	1	0,7%
Alls	104	100%	144	100%

Eins og tafla 20 sýnir voru rúmlega 9% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímugjafa og um 11% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru rúmlega 41% undir áhrifum og rétt yfir 10% voru það stundum.

Tafla 21. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	212	57,3%
Frá Evrópu	10	2,7%
Utan Evrópu	24	6,5%
Blandað þjóðerni	2	0,5%
Óvist, uppl. vantar	122	32,9%
Alls	370	100%

Undanfarin ár hefur borið á þeirri umræðu að íslenskum konum stafi mest hætta af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Eins og sést á töflu 21 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 57,3%. Hér ber að hafa í huga að upplýsingar vantar í um 33% tilfella og því varhugavert að leggja of mikla túlkun í þessar tölur. Ef eingöngu er miðað við fjölda ofbeldismanna þar sem vitað

er um þjóðerni ofbeldismanna kemur fram að um 85% ofbeldismanna eru íslenskir. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2009.

Tafla 22. Hefur brotþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	233	92,8%
Já	3	1,2%
Ekki viss	4	1,6%
Upplýsingar vantar	11	4,4%
Alls	251	100%

Eitt af því sem hefur verið lífseig goðsögn í gegnum tíðina er að þeir sem séu beittir kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Um 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2009 og 2010 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 23. Varstu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið framið?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	81	32,3%
Já	60	23,9%
Stundum	35	13,9%
Var barn (á ekki við)	46	18,3%
Ekki viss	3	1,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	6	2,4%
Upplýsingar vantar	20	8,0%
Alls	251	100%

Eins og sést í töflu 23 voru um 32% brotþola ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið. Hafa verður í huga að í 18,3% tilfella var um börn að ræða. Stígamtótt ítreka að þó að kona sé drukkin þegar henni er nauðgað ber hún ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því ofbeldi sem hún er beitt.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2010 var heildarfjöldi ofbeldismanna 394. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftari en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja töflur 24-27 á þeim 370 skýrslum sem fylltar voru út af brotþolum um ofbeldismennina.

Tafla 24. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	337	91,1%
Kona	13	3,5%
Uppl. vantar	20	5,4%
Alls	370	100%

Eins og fyrri ár, eru langflestir ofbeldismennirnir karlar eða um 91,1% og er það í samræmi við flestar tölur um ofbeldismenn kynferðis ofbeldis.

Tafla 25. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Undir 10 ára	8	2,2%
11 - 13 ára	19	5,1%
14 - 17 ára	37	10,0%
18 - 29 ára	140	37,8%
30 - 39 ára	55	14,9%
40 - 49 ára	29	7,8%
50 - 59 ára	12	3,2%
60 - 69 ára	3	0,8%
70 - 79 ára	2	0,5%
Ekki viss	60	16,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,3%
Upplýsingar vantar	4	1,1%
Alls	370	100%

Tafla 25 sýnir að flestir ofbeldismenn eru á aldrinum 18-39 ára eða rúmlega 52%. Árið 2010 voru 64 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða um 17% ofbeldismanna. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og komu fram í árskýrslu ársins 2009.

Tafla 26. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)	39	10,5%
Einhleyp(ur)	85	23,0%
Í sambandi	32	8,6%
Í sambúð/hjúskap	90	24,3%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	9	2,4%
Ekkja/ekkill	2	0,5%
Ekki viss	104	28,1%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,5%
Upplýsingar vantar	7	1,9%
Alls	370	100%

Í töflu 26 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 33% ofbeldismanna voru eða höfðu verið í sambandi eða sambúð/hjúskap. Þessi tafla sýnir svipaða niðurstöðu og fram kom í árskýrslu ársins 2009, en þar kom fram að 35% ofbeldismanna voru eða höfðu verið í sambúð eða sambandi.

*Fjöldi ofbeldismanna hér er ekki sá sami og fjöldi ofbeldismanna undir 18 ára og skýrist mismunurinn á því að í sumum tilfellum skilgreindi brotþoli hjúskaparstöðu ofbeldismanns á unglingsaldri, stundum "einhleypur" og stundum "í sambandi".

Tafla 27. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	11	3,0%
Já	63	17,0%
Óvíst	279	75,4%
Uppl. vantar	17	4,6%
Alls	370	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 17% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oftast en einu sinni.

Aðstandendur

Árið 2008 voru í fyrsta skiptið notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum. Eins og fram hefur komið, er þetta gert í þeim tilgangi að fá betri mynd af þeim hópi notenda. Það hefur í gegnum árin verið aukning á því að aðstandendur nýti sér þjónustu Stígamóta. Heildarfjöldi aðstandenda árið 2010 voru 55 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda. Árið 2009 var heildarfjöldi aðstandenda 39, og hefur fjöldi einstaklinga aukist um 16 á milli ára.

Tafla 28. Er brotþoli sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
nei	24	43,6%
já	27	49,1%
uppl. vantar	4	7,3%
Alls	55	100%

Í 24 tilfelli þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotþolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar. Fram til ársins 2006 fóru slík mál inn í talningu nýrra mála þar sem ekki voru sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur. Árið 2007 komu þessi mál ekki fram sem ný mál þar sem aðstandendur fylltu enga spurningalista út það ár en 2008 og 2009 voru notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur.

Tafla 29a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

29a)

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapóla	46	83,6%
Ofbeldismanns	2	3,6%
Beggja	7	12,7%
Alls	55	100%

29b)

	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	23	41,8%
Maki	17	30,9%
Systkini	4	7,3%
Vinur/vinkona	4	7,3%
Amma/afi	1	1,8%
Frænka/frændi	1	1,8%
Önnur tengsl	1	1,8%
Merkt við fleiri en eitt atriði	4	7,3%
Alls	55	100%

Í töflum 29 a og b sést að flestir aðstandendur eru tengdir brotáþola en nokkrir eru þó tengdir bæði brotáþola og ofbeldismanni. Algengast var að foreldrar og makar kæmu í viðtal. Samskonar niðurstöður komu einnig fram í ársskýrslu frá árinu 2009.

Tafla 30. Kyn aðstandenda

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	21	38,2%
Kona	32	58,2%
Upplýsingar vantar	2	3,6%
Alls	55	100%

Meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamáta árin 2009 og 2010 voru konur. Árið 2010 voru karlar um 38,2% aðstandenda borið saman við 20, 5% aðstandenda árið 2009.



Stigamót

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang stigamot@stigamot.is

Vefsíða: www.stigamot.is